

Fimmtudaginn 13. mars 1997.

Nr. 26/1997.

Ákærvaldið

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn

Gesti Eiríki Eggertssyni

(Árni Pálsson hrl.)

Líkamsárás leiðir til dauða.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Málinu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 7. janúar 1997. Ákærvaldið krefst sakfellingar ákærða samkvæmt ákæru og að refsing hans verði þyngd frá því, sem ákveðið var í héraðsdómi.

Ákærði krefst aðallega sýknu af öllum kröfum ákærvalds, en til vara, að hann verði dæmdur í vægustu refsingu, er lög leyfa.

Í héraðsdómi er gerð rækileg grein fyrir atvikum málsins og fyrirbyggjandi gögnum. Eins og þar kemur fram, er það samhljóða álit Þorgeirs Þorgeirssonar, læknis og meinafræðings, og Gunnlaugs B. Geirssonar, prófessors í réttarlæknisfræði, að líklegast sé, að dánarorsök Sigríðar Eggertsdóttur hafi verið hjartastöðvun í kjölfar sterkra taugaviðbragða samfara lamandi áhrifum taugaboða á starfsemi hjartans, er rekja megi til snöggs þrýstings á háls hennar. Samkvæmt lokaniðurstöðu krufningarskýrslu Þorgeirs fannst í vinstra höfuðvendi fersk blæðing, sem hefur væntanlega orsakast af háls-taki eða höggi. Sérfræðingarnir telja ekkert annað hafa komið fram, sem skýrt geti dauða konunnar.

Pegar öll gögn málsins eru virt, er fallist á það mat héraðsdóms, að sannað sé, að árás ákærða á konuna hafi leitt til dauða hennar. Þótt ekki sé unnt að segja til með vissu um nákvæma framvindu árásarinnar, verður að telja ljóst af ummerkjum öllum, að hún var heiftúðug. Varlegast þykir að meta afleiðingar hennar ákærða til sakar sem gáleysisverk. Er atferlið því réttilega heimfært í ákæru undir 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms er staðfest ákvörðun hans um refsingu ákærða.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest, og dæma ber ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, eins og nánar segir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Gestur Eiríkur Eggertsson, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 120.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Árna Páls-sonar hæstaréttarlögmans, 120.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra 17. desember 1996.

Mál þetta, sem dómtekið var 15. nóvember sl., er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, út gefnu 6. ágúst 1996, „á hendur Gesti Eiríki Eggertssyni, Steinsstöðum, Öxnadalshreppi, kennitala 300539-3949, fyrir stórfellda lík-amsárás, svo að mannsbani hlaust af, með því að hafa síðdegis laugardaginn 27. apríl 1996 á hlaðinu að heimili sínu að Steinsstöðum og inni í íbúðarhúsi-
inu veist að systur sinni, Sigríði Eggertsdóttur, kennitala 131233-3619, með höggum, hringingum og hálstaki með þeim afleiðingum, að hún hlaut mar, fleiður og sár á andlit og höfuð, háls, handleggi og fótleggi ásamt um-fangsmikilli blæðingu í vinstra höfuðvendi, og leiddu atlögur ákærða Sigríði til dauða af völdum hjartastoppis í kjölfar sterkra taugaviðbragða samfara lamandi áhrifum taugaboða á starfsemi hjartans vegna skarps þrýstings á háls hennar og slagæðarboða.

Telst þetta varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, enn fremur, að ákærði teljist samkvæmt 1. mgr. 23. gr. erfðalaga nr. 8/1962 hafa með verknaði sínum fyrirgert sjálfum sér til handa rétti til þess arfs, sem háður var dauða Sigríðar“.

Af hálfu ákæruvalds er þess enn fremur krafist, að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talinna hæfilegra saksóknarlauna.

Skipaður verjandi hefur fyrir hönd ákærða krafist sýknu af öllum kröfum ákæruvalds. Þá er krafist hæfilegra málsvarnarlauna.

Málsatvik.

1. Laugardaginn 27. apríl kl. 20.06 hringdi ákærði, Gestur Eiríkur Eggertsson, frá heimili sínu, Steinsstöðum I, Öxnadal, í vakthafandi heilsu-

gæslulækni á Akureyri, Hall Þorgils Sigurðsson, og tilkynnti andlát systur sinnar, Sigríðar Eggertsdóttur. Var lögreglunni á Akureyri gert viðvart, og fóru á vettvang Jóhannes Sigfússon rannsóknarlögreglumaður og Karl Kristjánsson aðstoðarvarðstjóri auk nefnds læknis og sjúkraliðsmanna. Við komu á vettvang að Steinsstöðum um kl. 20.38, var Sigríður úrskurðuð látin. Þar á vettvangi var gerð líkskoðun í viðurvist nefnds rannsóknarlögreglumanns.

Í líkskoðunarvottorði, sem dagsett er 28. apríl og undirritað af Halli Þorgílsi Sigurðssyni, segir m. a.:

„Skoðað er lík eldri konu, sem er feitlagin. Líkið liggur á bakinu í rúmi í herbergi í suðausturhluta hússins. Yfir líkinu er sæng, og er það íklætt brjóstahaldara, en er ekki í öðrum fötum. Úr er á vinstri úlnlið og hringur á vinstra litlafingri og hægra baugfingri. Hún hallar höfði til hægri hliðar. Blámi er á húð á höfði, hálsi, herðum og niður á bringu. Blóð er í hægri nös, og rennur lítillaga blóðlitaður vökvi út á hægri kinn, og eins er aðeins rauðgulur litur á húð á hálsi hægra megin. Líkið er kalt viðkomu á útlimum, en varmt á baki. Hiti er mældur í endaparmi, og er hann 37,3°C. Hægðir eru við endaparmsop. Stofuhiti er 23,5°C. Það eru komnir líkblettir á bak og aftan á háls og læri. Kjálkavöðvar eru stirðnaðir, og er rauðleitur vökvi milli framtanna. Fingur eru krepptir og stirðnaðir, og eins er byrjuð stirðnun í fótum. Gamalt aðgerðarör er á kviðvegg í miðlinu neðan nafla. Á vinstri kinn er grunn rispa eða sár, um 1-1,5 cm að lengd, og rennur frá henni blóðlitaður vökvi, og blámi er á húð í kringum hana, sem gæti verið mar. Eins er blámi á húð á nefi, sem gæti verið mar, og grunnt lítið sár á miðju nefi, um 2-3 mm, sem blæðir frá og gæti verið gamalt. Marblettur er á enni vinstra megin uppi í hársrótinni, um 1 cm í þvermál. Á miðju vinstra brjósti er marblettur, um 2 × 3 cm að stærð. Á vinstri upphandlegg innanverðum eru marblettir, og eins er marblettur aftan á vinstra olnboga. Á miðjum hægri upphandlegg er marblettur um 1 cm í þvermál, og á hægra handarbaki er marblettur upp af baugfingri um 1-2 cm í þvermál. Að lokinni líkskoðun telur undirritaður sig ekki geta ályktað, hvert banameinið muni vera, og þar af leiðandi ekki gefið út dánarvottorð. Undirritaður leggur til, að gerð verði réttarkröfnung.“

Í staðfestri frumskýrslu Jóhannesar Sigfússonar rannsóknarlögreglumanns er því lýst, að við komu að Steinsstöðum hafi ákærði vísað á Sigríði, þar sem hún lá á bakinu undir sæng í herbergi sínu inn af eldhúsinu. Í skýrslunni er þess getið, að hin látna hafi verið með „astmapúst“ í hægri hendi. Vettvangur var ljósmyndaður. Í skýrslunni er jafnframt greint frá ástandi ákærða og fyrstu frásögn hans, svofellt:

„Gestur sagði, að hann hefði verið afar ósáttur við það, að honum virtist Sigríður hafa verið að draga sér og stinga niður hlutum úr dánarbúi móður þeirra. Hann kvaðst einnig hafa orðið var við, að Sigríður hefði snuðrað í skrifborði hans og öðrum persónulegum hirslum. Hann kvað þau hafa rifist um þetta, og hafi andrúmsloftið á milli þeirra verið orðið mjög rafmagnað og þrúgandi. Gestur sagði Sigríði hafa farið að hitta vinkonu sína, Fjólu Pálsdóttur, fyrr í dag. Hún hafi komið þaðan aftur um kl. 16.00 og þá lagt sig. Gestur kvaðst hafa verið að vinna utanhúss, en komið inn um kl. 17.30. Hann hafi þá séð, hvar Sigríður lá í rúminu. Hann hafi ekki aðgætt það frekar, en farið aftur út að vinna. Hann hafi komið inn aftur skömmu seinna og þá fundist eins og kominn væri blámi í andlit hennar. Hann hafi þá áttað sig á, að hún myndi vera látin. Ekki kom fram skýring á því, hví hann hringdi ekki eftir lækni fyrr en kl. 20.06. Framkoma Gests á vettvangi og tilsvör þóttu að sumu leyti einkennileg, og var sem honum fyndist fátt um andlát systur sinnar. Gestur kvaðst enga skýringu kunna á andláti Sigríðar. Hann nefndi þó, að hugsanlega hefði hún á endanum ekki þolað þetta þrúgandi andrúmsloft, sem ríkti á milli þeirra. Hann spurði, hvort um sjálfsvíg gæti verið að ræða, og kvaðst hafa talið sig sjá nálarstunguför á handleggjum hennar. Þá nefndi hann, að hún hefði verið óreglumanneskja, en sagðist þó ekki vita um áfengisneyslu hennar á Steinsstöðum fyrir utan það, að hún hefði drukkið bjór á miðvikudeginum.“ ... „Gestur var spurður um skýringar á áverkum á líki Sigríðar. Hann kvaðst enga skýringu kunna á þeim. Hann var spurður, hvort hann hefði lent í líkamlegum átökum af einhverju tagi við Sigríði, og neitaði hann því. Rætt var við Gest vítt og breitt í um hálf tíma, og að því loknu var óskað eftir því við hann, að hann kæmi með okkur til Akureyrar, meðan málið væri í frekari rannsókn. Gestur féllst strax á það, en óskaði eftir, að gerðar yrðu ráðstafanir varðandi fjósið, þar eð hann hefði ekki komist til kvöldmjalta.“

Við komu á lögreglustöðina á Akureyri var ákærða kynnt réttarstaða handtekins aðila, og kl. 00.15 var honum tekið blóð- og þvagsýni til alkóhólákvörðunar. Ákærða var gert að sæta líkamsskoðun, og segir svo um þá skoðun í vottorði áður nefnds læknis:

„Um er að ræða karlmann, sem er grannvaxinn og vöðvastæltur. Við skoðun sér undirritaður ekki ytri áverkamerki á höfði, bol eða útlimum.“

Lögregla lagði hald á þann fatnað, sem ákærði var íklæddur við handtökuna.

Samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknar Háskóla Íslands reyndist magn alkóhóls í blóðsýni ákærða 0,77‰, en 1,23‰ í þvagi hans.

Aðfaranótt 28. apríl sl. var gerð frumvettvangsathugun á heimili ákærða, og er henni svo lýst í frumskýrslu lögreglu:

„Við rúmið, sem Sigríður lá í, var fatnaður, sem talinn er vera hennar. Þar á meðal voru bómullarbuxur, sem reyndust vera rakar frá streng og um 15 cm niður frá honum. Þá voru í þeim blóðlitaðir flekkir. Á efri hæð hússins, í herbergi, sem ætla má, að sé svefnherbergi Gests, voru kvenmannsnærbuxur liggjandi á gólfi. Ekki var hreyft við þeim, en ákveðið að innsigla vettvang og fara fram á að fá tæknideildarmann frá RLR til samvinnu um frekari rannsókn.“

Að kröfu rannsóknaraðila fór fram réttarkrufning á líki Sigríðar Eggertsdóttur, og annaðist hana Þorgeir Þorgeirsson, sérfræðingur í meinafræðum. Ritaði sérfræðingurinn skýrslur um athuganir sínar, og eru þær dagsettar 29. apríl og 22. maí sl.

Auk þessa liggur m. a. fyrir álitserð prófessors Gunnlaugs Geirssonar svo og niðurstöður Rannsóknastofu Háskóla Íslands á blóðsýnum.

2. Með framburði vitna og frásögn ákærða er upplýst, að Sigríður heitin Eggertsdóttir ók bifreið sinni, R-18285, miðvikudaginn 24. apríl sl. frá heimili sínu í Reykjavík til lögbýlis ákærða í Öxnadal, en tilefni ferðar hennar var m. a. að ganga frá dánarbúi móður þeirra svo og skuldaskilum þeirra í milli. Var ætlan Sigríðar að fara til síns heima sunnudaginn 28. s. m.

Verður nú vikið nánar að framburði vitna.

Vitnið Þorsteinn Guðlaugsson endurskoðandi, fæddur 1934, eiginmaður Sigríðar, skýrði frá því í staðfestri skýrslu hjá lögreglu, að í símaviðtölum þeirra hjóna dagana 25. og 26. apríl sl. hefði komið fram hjá Sigríði, að hún hefði dvalist á heimili ákærða þá daga. Jafnframt staðhæfði vitnið, að Sigríður hefði verið „hissa á viðmóti Gests, þar sem hún hefði farið norður með góðum huga til þess að ganga frá þessu máli og aðstoða Gest, sem búinn er að vera einn nokkurn tíma. Hefði komið fram hjá henni, að hún hefði tekið til í húsinu og annast matseld. Sigríður hefði talað um, að viðmót hans í sinn garð hefði verið hryssingslegt og henni fundist sem Gestur legði hatur á hana. Einnig hefði komið fram, að fleiri símar væru í húsinu, svo að Gestur gæti komið inn á hennar samtöl og hlustað, þannig, að þegar þau ræddust við seinast á föstudag eða um kl. 19.00, hefðu þau talað um, að hringja mætti til Fjólu Pálsdóttur daginn eftir, þar sem Sigríður ætlaði þá að vera stödd. Mætti segir, að Sigríður hafi m. a. tekið eftir sjúklegum viðbrögðum Gests, þar sem hann hafi gengið fast eftir að skoða farangur hennar. Hún hafi einungis verið með tösku og poka með lopa og lopapeysu í. Hann hafi einnig að sögn Sigríðar virst vera á varðbergi yfir hverju skrefi, sem hún steig.“

Vitnið bar, að ákærði hefði nokkrum sinnum hringt á skrifstofu hans í

Reykjavík laugardaginn 27. apríl sl. á tímabilinu frá 13.30 til nálega 16.00 og viðhaft óviðurkvæmilegar og hótunarlegar fullyrðingar, en þó jafnharðan dregið orð sín til baka og þá þakkað velvilja í sinn garð. Að álitni vitnisins var ákærði undir miklum áfengisáhrifum greint sinn, og kvaðst hann ekki hafa tekið orð hans sérstaklega alvarlega og vísaði m. a. til ágættra samskipta þeirra í gegnum tíðina. Vitnið kannaðist ekki við, að ákærði hefði rætt um skuldabréf í nefndum símtölum. Vegna þessa alls kvaðst vitnið þó hafa rætt við eiginkonu sína í síma, þar sem hún var stödd á heimili frænku sinnar á Dagverðareyri, Fjólu Pálsdóttur, og varað hana við að fara aftur á heimili ákærða.

Fyrir dómi bar vitnið, að Sigríður hefði í nefndum viðtölum virst við góða heilsu og hún verið ánægð. Vitnið vísaði og til þess, að hún hefði aldrei verið veil fyrir hjarta eða kvartað um verk fyrir brjósti. Vitnið greindi hins vegar frá því, að Sigríður væri asmasjúklingur, með svonefndan spennuasma, og bar, að einkenni sjúkdómsins hefðu einkum komið fram, er hún var þreytt eða skipti skapi. Vitnið bar, að Sigríður hefði fyrir allmörgum árum fengið alvarlegt asmakast og andnað og af þeim sökum verið færð á gjörgæsludeild, en náð sér að fullu eftir það. Þá hefði hún og nokkrum sinnum dvalist á Vífilstöðum og Reykjalundi vegna sjúkdómsins.

Vitnið Helga Margrét Pálsdóttir, fædd 1923, staðfesti fyrir dómi, að frænka hennar, Sigríður Eggertsdóttir, hefði komið í heimsókn á heimili sitt skömmu eftir hádegi laugardaginn 27. apríl sl. Að álitni vitnisins var Sigríður þá „fullkomlega eðlileg og í góðu skapi, og allt virtist í góðu lagi hjá henni“. Þannig kvað vitnið þær m. a. hafa spjallað um fyrirhugaða ferð Sigríðar á Dagverðareyri síðar um daginn svo og væntanlega heimferð til Reykjavíkur daginn eftir, en ekki rætt sérstaklega um ákærða.

Vitnið bar, að Sigríður hefði verið íklædd snyrtilegum ljósgráum eða ljósleitum „jogging-galla“, þ. e. peysu og buxum. Þá hafi hún verið með hárspöng í hárinu og íklædd dökkum skóm með lágum hæl. Vitnið gat ekki borið um, hvort Sigríður hefði borið eyrnalokka eða aðra skartgrip.

Um kvöldmatarleytið eða liðlega 20.00, að vitnið ætlaði, kvað hún ákærða, Gest Eggert, hafa hringt og tilkynnt andlát Sigríðar. Vitnið kvaðst þegar hafa innt ákærða eftir því, hvort hann hefði hringt á lækni, og er hann neitaði, kvaðst hún hafa gefið honum upp símanúmer vaktlæknis. Að mati vitnisins var ákærði mjög rólegur, en símtalið hefði verið mjög stutt.

Vitnið Sesselja María Gunnarsdóttir, fædd 1947, kvaðst hafa hitt frænku sína, Sigríði Eggertsdóttur, á heimili móður sinnar, Fjólu Pálsdóttur, að Dagverðareyri um kl. 14.00 laugardaginn 27. apríl sl. Að sögn vitnisins var Sigríður eðlileg í allri framkomu og „mjög lík því, sem hún hefur átt að sér

sl. ár“. Vitnið bar, að Sigríður hefði verið íklædd snyrtilegum gráleitum „jogging-galla“ úr „velúr“-efni. Þá kvað hún Sigríði hafa borið hárspöng, hnakkaspöng og eyrnalokka í báðum eyrum. Við lögregluþyrifheyrsluna þekkti vitnið nefnda skrautmuni, en þeir fundust utandyra að Steinsstöðum við vettvangsrannsókn rannsóknarlögreglumanna. Fyrir dómi kannaðist vitnið jafnframt við áðurnefndan fatnað Sigríðar. Vitnið kvaðst hafa kvatt Sigríði á heimili móður sinnar umræddan dag um kl. 16.00.

Áðurnefnd Fjöla Pálsdóttir kom ekki fyrir dóm við aðalmeðferð málsins, en í staðfestri upplýsingaskýrslu rannsóknarlögreglu er haft eftir vitninu að í heimsókn Sigríðar heitinnar að Dagverðareyri 27. apríl sl. hafi hún verið í góðu skapi, litið vel út og ekki kennt sér meins. Í skýrslunni er og haft eftir vitninu, að Sigríður hafi farið um kl. 16.00 með þeirri fyrirætlan að koma aftur þá um kvöldið, eftir að hafa útbúið kvöldmat á heimili ákærða. Jafnframt er haft eftir vitninu, að er það tók að lengja eftir endurkomu Sigríðar, hafi það í tvígang hringt að Steinsstöðum. Í fyrra sinnið hafi enginn svarað símanum, en í hið síðara hafi einhver Jóhannes svarað. Í skýrslunni er tekið fram, að þar sé átt við rannsóknarlögreglumanninn Jóhannes Sigfússon.

Vitnið Leó Viðar Leósson, fæddur 1953, kvaðst hafa kynnst ákærða árið 1994 og bar, að ágætis-kunningsskapur hefði tekist með þeim. Laugardaginn 27. apríl sl. kvaðst vitnið hafa farið að heimili ákærða á rauðri pallbifreið og staðhæfði, að ætlan sín hefði verið að aðstoða ákærða við kalda vatnsleiðslu í fjallinu austan við lögbýlið. Við komu kvaðst vitnið hafa veitt því athygli, hvar Audi-fólksbifreið var lagt hálf-„asnalega“ sunnan við íbúðarhúsið, en tók fram, að hann hefði veitt þessari bifreið áður athygli á svipuðum slóðum, er hann ók um þjóðveginn vestan lögbýlisins. Vitnið kvaðst hins vegar ekki hafa veitt bifreið ákærða athygli, en í því samhengi vísaði vitnið til þess, að nokkuð misjafnt væri, hvar ákærði legði bifreiðinni, við íbúðarhúsið, fjósið ellegar fjárhúsið. Vitnið kvaðst í upphafi hafa leitað að ákærða í fjósinu og þá veitt því eftirtekt, að búið var að gefa kúnum eða a. m. k. „fleygja fyrir þær“. Þar næst kvaðst vitnið hafa gætt að ákærða í íbúðarhúsinu og farið inn um kjallaradyr og árangurslaust bankað á dyrnar á jarðhæðinni. Vitnið kvaðst ekki hafa heyrt umgang í húsinu, en veitt því athygli, að dyrnar voru læstar. Auk þess kvaðst vitnið hafa séð, að önnur stígvél ákærða voru ekki á vettvangi. Vitnið kvaðst að nýju hafa farið í fjósið og í mjólkurhúsið og þá séð, að ekki var búið að mjólka kýrnar. Loks kvaðst vitnið hafa farið að aðaldyrainngangi íbúðarhússins og bankað létt á hurðina, er þá hefði hrokkið upp. Vitnið bar, að hurðin hefði þó ekki alveg opnast, þar eð öryggiskeðja hefði verið á að innanverðu, líkt og tíðkaðist á heimili ákærða. Vitnið kvaðst því hafa kallað inn um gættina, en án árang-

urs. Að þessu loknu kvaðst vitnið hafa ekið á brott. Vitnið staðhæfði, að hann hefði komið að heimili ákærða umræddan dag á tímabilinu kl. 17.50-18.10 og ætlaði, að hann hefði dvalist þar í um fimm mínútur.

3. Í framhaldi lögreglurannsóknar máls þessa var ákærði margsinnis yfirheyrður, en hann sat í gæsluvarðhaldi frá 29. apríl til 23. maí sl. Jafnframt var gerð ýtarleg vettvangsathugun að Steinsstöðum, lögbýli ákærða, dagana 28. apríl til 1. maí sl., og var vettvangur jafnframt ljósmyndaður. Þá var fatnaður ákærða og Sigríðar heitinnar Eggertsdóttur rannsakaður. Voru gögn þessi lögð fyrir dóminn, og verður hér á eftir greint frá helstu rannsóknaratriðum, er máli kunna að skipta.

Í vettvangsskýrslum lögreglu, dagsettum 28. og 29. apríl sl., er aðstæðum að Steinsstöðum lýst utandyra þannig:

„Steinsstaðir standa andspænis jörðinni Bakka. Frá þjóðvegi nr. 1, sem liggur eftir Öxnadal, eru um 550 m að íbúðarhúsinu, sem stendur ofar í landinu en þjóðvegurinn. Þegar ekið er upp að íbúðarhúsinu, er komið að suðvesturhlið hússins. Við norðvesturgafli hússins, gaflsins, sem snýr að Bakka, eru steintröppur upp á íbúðarhæðina. Sambyggt við norðausturhlið íbúðarhússins eru gömul gripahús (gamla fjós), og er þar nú geymsla. Austan við áðurnefndar steintröppur er gengið inn í gripahúsin, inn á gang, sem liggur í gegnum húsið, og eru aðrar útidyr hins vegar að húsinu. Innangengt er af gangi þessum, annars vegar inn í íbúðarhúsið og hins vegar inn í gripahúsin. Í ganginum hanga yfirhafnir.

Upp við íbúðarhúsið, við suðausturgafli, finnast þrjú græn blöð af (jukku) blómi/tré. Blöðin eru, eins og áður segir, græn, og bendir það til þess, að þau hafi nýlega losnað af blóminu/trénu. Suðaustan við íbúðarhúsið eru tvær gamlar gryfjur, væntanlega gamlar súrheysgryfjur. Suðaustan þeirra eru fjárhús og hlaða. Í fjárhúsunum eru hestar og sauðfé. Austan við íbúðarhúsið standa fjós og hlaða. Í fjósinu eru nautgripir. Við íbúðarhúsið eru tvær bifreiðar.“

Samkvæmt vettvangsteikningu lögreglu var bifreið ákærða, MO 319, Lada-bifreið, vestan við íbúðarhúsið og norðan við áðurnefndar aðaldyratröppur. Kveikjulásslyklar voru í bifreiðinni. Ekkert sérstakt var að sjá við bifreiðina samkvæmt skýrslu lögreglu. „Við suðvesturgafli hússins er grá Audi-fólksbifreið, R-18285. Miðað við staðsetningu bifreiðarinnar virðist svo sem henni hafi verið ekið aftur á bak frá íbúðarhúsinu. Framhjól bifreiðarinnar snúa til hægri. Engin hjólför sjást á planinu, þar sem bifreiðin er. Framendi bifreiðarinnar snýr frá íbúðarhúsinu í átt að heimreiðinni frá þjóðveginum að bílnum. Skráður eigandi R-18285 er Sigríður Eggertsdóttir.

Á vélarhlíf bifreiðarinnar, sem er rykug, sjást afstrokur eða kám sitt hvor-um megin að framanverðu. Undir bifreiðinni, u. þ. b. undir farþegasæti að framan, er mynt, tíukrónapeningur og þrír krónupeningar. Þegar litið er inn í bifreiðina, sést, að óreiða er á munum í farþegasæti. Þar eru þrjónar og band, svart veski tóm, snyrtiveski, gleraugu, mappa með minnisblöðum og pappírur, lyklar á kippu, mynt, poki með lauk, útvarp, varalitur, seðlaveski með skilríkjum og greiðslukortum, asmalyfjabrúsi í þar til gerðu öndunartæki og smávegis þurrkaður hrossaskítur. Það skal tekið fram, að allt umhverfis bifreiðina var talsvert af þurru hrossaskít. Á sætisbaki hékk blá kápa. Framan við farþegasæti að framan voru gönguskór og plastpoki með bók o. fl. Aftur í bifreiðinni héngu föt á herðatré og á gólfi aftan við öku-mannssætið voru föt.

Við húsvegginn, suðvesturgafli, lá svartur ruslapoki og í honum þrjónar, ullarband og peysuhlutir. Við gaflinn, 35 cm til vesturs, 3,3 m frá suðurhlíð, fannst svört hárspenna eða hárspöng. Fyrir miðjum húsgaflinum, 2,30 metra suðvestan gaflsins, fannst hluti af eyrnalokk. 20 cm vestar fannst hinn hluti eyrnalokksins. 40 cm vestar fannst hárspenna, „hnakkaspenna“. 30 cm vestar fannst lok af asmainnöndunartæki og gullnæla með steini. 60 cm vestar fannst eyrnalokkur. Eyrnalokkurinn er sömu gerðar og eyrnalokkur, sem áður var minnst á.“

Niðurlagsorð vettvangsskýrslu lögreglu eru svofelld:

„Bráðabirgðaniðurstöður vettvangsrannsókar eru, að vettvang hins vo-veiflega andláts megi rekja að einhverju leyti til staðar suðvestan við húsið, þar sem bifreiðin R-18285 er. Einnig er vettvangur í herbergi því, sem hin látna fannst, og loks í risherbergi Gests, en þar eru ummerki, sem ekki eru skýranleg við fyrstu athugun.“

Í upplýsingaskýrslu rannsóknarlögreglu er þess getið, að eiginmaður Sig-ríðar, Þorsteinn Guðlaugsson, svo og sonur þeirra hafi borið kennsl á hárs-pöng, eyrnalokk og hnakkaspennu, er fundust við suðurgafli íbúðarhússins, og staðhæfðu þeir, að nefndir hlutir hefðu verið í eigu hennar.

Í vettvangsskýrslu rannsóknarlögreglu, sem dagsett er 29. apríl sl., er vettvangi lýst svo innandyrá í íbúðarhúsinu að Steinsstöðum:

„Íbúðarhúsið að Steinsstöðum er um 65 m² að grunnflatarmáli. Húsið er steinsteypt, kjallari, hæð og ris. Þakið er bárujárnsþak. Þegar komið er af ganginum í viðbyggingu við íbúðarhúsið, sem áður er lýst, er komið á stiga-pall. Beint fram undan eru gengin sex þrep niður í kjallarann, en til vinstri sex þrep upp á hæðina. Við stigapallinn er fatahengi. Þegar komið er niður í kjallarann, er komið á gang. Beint á móti stiganum er herbergi. Þar er

margs konar varningur, vinnuföt og fleira. Vinstra megin við dyrnar hangir dökkblár vinnusamfestingur. Í hægri brjóstvasa er sígarettupakki. Á hægri skálm eru dökkir blettir. Hald var lagt á samfesting þennan og í starfsstöð lögreglu gerð á blettum þessum blóðpróf. Blóðprófið gaf neikvæða svörun. Um er að ræða tvo rauða bletti, um 1,5 cm á lengd, að utanverðri hægri skálm, að framan við fald.

Inn af herberginu, í suðvesturhorni kjallara, er þvottaherbergi, og eru þar kynditæki hússins. Svonefnd olúkynding er í húsinu. Hægra megin við dyrnar er stampur með óhreinum fötum og plastbali, einnig með óhreinum fötum. Í balanum, sem áður er getið, er einnig hvítt, óhreint og blettótt lak. Í lakinu er brúnt kám, sem getur verið saur. Kámið er óreglulegt að lögun, um 6 × 10 cm að stærð. Í skýrslu er nánar lýst stærð blettanna og staðsetningu. „Við stampinn, sem áður er lýst, er koddí með koddaveri í. Koddaverið er með brúnum, óreglulegum klessum og kámi, sem getur verið saur. Í opinu er sams konar brúnt kám, sem getur verið saur. Á gólfi þvottahússins er m. a. járnballi með vatni. Í vatninu, sem er mjög óhreint, er dökkblár vinnusamfestingur. Undir samfestingnum er blátt lak. Hvort tveggja var þurrkað í starfsstöð lögreglu. Lakið sýnist kámuft án nánari skýringa. Á lakinu eru blettir, sem geta verið saur. Þegar lakið er skoðað á röngunni, sjást blettir á 40 cm kafla, meðfram langhlið á 15 cm kafla. Blettir eða kám sést á svæði, sem mælist 3 × 4 cm, virðist rauðleitt.“ Í skýrslunni er nánar lýst stærð blettanna og staðsetningu þeirra.

„Þegar komið er upp stigann upp á hæð hússins, er komið á gang. Hægra megin við dyrnar er stigi upp í risið. Í stiganum, í þriðja þrepi, er ryksuga, ofar blóm/tré í potti, svonefnd „jukka“. Blómapotturinn, sem er úr plasti, er brotinn og mold sést á teppinu, sem er í stiganum við blómapottinn, einnig á skál, sem er undir pottinum. Eitt blaðið á blóminu/trénu er brotið og annað rífið. Brot og rífsárið virðast nýleg. Hald var lagt á pokann úr ryksugunni, en í honum fannst m. a. fölnað blað af jukkunni og mold.

Fjar, hægra megin við stigann, er baðherbergið. Ekkert sést athugavert á baðherberginu. Við enda gangsins eru aðaldir. Skáhallt gegnt stiganum er stofa. Ekkert sést athugavert þar. Á móti stiganum er tauhrúga; þar eru skítugar diskapurkur o. fl. og stór lampaskermur. Lampaskermurinn hefur getað verið á gólfampa.

Við enda gangsins á móti aðaldirum er eldhús. Þar finnst ekkert óvanalegt annað en gleraugu, sem eru á vaskborði, og vantar á þau hluta af eyrnafestingu.

Inn af eldhúsi er herbergi. Gengið er inn í herbergið um dyr á suðvesturvegg eldhússins. Í þessu herbergi var komið að Sigríði látinni sl. laugardag.

Upp við vegginn nær suðvesturvegg er fataskápur. Á gólfinu framan við skápin er ferðataska. Lagt er hald á töskuna ásamt innihaldi. Við suðvesturvegg, undir glugga, er náttborð. Í glugganum er asmalyf, úðabrusi í þar til gerðum plaststaut. Næst náttborðinu er svefnbekkur, sem nær að herbergishorni. Undir svefnbekknum eru tvær skúffur, tómar. Á svefnbekknum er hvítt lak með blóðblettum. Þegar að var komið, lá Sigríður látin í þessum svefnbekk, á lakinu undir sæng. Undir glugganum á suðvesturvegg herbergisins er borð. Undir borðinu eru tveir kollar, og við enda borðsins, milli borðs og svefnbekkjar, er stóll með baki. Á stólbakinu eru hvítar flauelsbuxur, með óhreinindum að aftan og framan. Samkvæmt frásögn Jóhannesar Sigfússonar rannsóknarlögreglumanns, sem kom á vettvang á laugardagskvöld, var efri hluti buxnanna rakur. Á vinstri skálm að framan eru rauðir blettir á þriggja cm kafla fyrir neðan skálm, 8 cm frá faldi. Blettur þessi var prófaður með blóðprófi og gaf jákvæða svörun. Neðar er grænleitur blettur, sem getur verið hrossaskítur, sem mælist 5×6 cm að stærð, 3 cm frá faldi, 3 cm frá saumi að utanverðri skálm, ofar eru ýmsir blettir, m. a. rauðleitir blettir án skýringa. Á hægri skálm er sams konar grænleitur blettur, u. þ. b. 4×5 cm, u. þ. b. fyrir miðri skálm, 28 cm frá faldi. Aðrir smærri eru þar fyrir neðan án skýringa. Að aftan sjást margs konar óhreinindi. Á hægri skálm að aftan er 6×12 cm grænleitt kám, sem getur verið hrossaskítur, 20 cm frá faldi, 4 cm frá utanverðum skálmsaumi, ofar, á svæði við hægri rasskinn, á svæði, sem mælist 6×19 cm, 13 cm frá mittisstreng, 3 cm frá utanverðum saumi á skálm. Rauðleitur blettur, sem getur verið blóð, mælist um 1 cm að stærð, 28 cm frá mittisstreng, 19 cm frá utanverðum hliðarsaumi á skálm. Bletturinn var prófaður með blóðprófi, og gaf prófunin jákvæða svörun. Vinstra megin á aftanverðum buxunum, við utanverðan skálmsaum, er grænleitur blettur eða kám, um 9×9 cm að stærð, 19 cm frá mittisstreng. Blettirnir ná í gegnum efnið, en að öðru leyti eru buxurnar hreinar að innan.

Á stólnum er náttkjóll. Undir stólnum er græn peysa. Ekkert sést athugavert á peysunni eða náttkjólnum. Á gólfinu við stólinn er röndótt handtaska. Lagt er hald á töskuna og það, sem í henni er.

Ofan á borðinu er samanbrotið teppi, undir því dúkrenningur. Ofan á teppinu voru kveikjúlásslyklar, sem gengu að R-18285.“

„Þegar komið er upp í risið, er komið á gang, „hol“, og eru þar skápar. Á gólfinu er gólfteppi. Á því sést ekkert athugavert. Í risinu eru fjögur herbergi, og má sjá af húsmunum, að eitt er sérstaklega ætlað til geymslu, tvö geta verið gestaherbergi, og eitt herbergi getur verið svefnherbergi Gests.

Á norðvesturvegg herbergis Gests eru tveir gluggar. Innan við dyrnar er kringlótt, rauðmynstruð motta. Á mottunni finnst eyrnafesting af gleraugum. Um enda festingarinnar hefur verið vafið grænu einangrunarlímbandi. Eyrnafesting þessi kann að hafa verið viðfest gleraugu. Þegar staðið er í dyraopi á herbergi Gests, sést fatahrúga á gólfinu vinstra megin við dyrnar. Hún er að hluta til á gólfmottunni. Þar eru tvennar gráar síðbuxur, blá bómullarpeysa, tvennir sokkar, hvítar barnanærbuxur og hvítar kvennærbuxur. Báðar síðbuxurnar eru óhreinar. Á öðrum buxunum sést rautt kám á hægri skálm að framanverðu, rétt ofan við hné og á faldi. Blóðpróf var gert á einum blettanna, og gaf það jákvæða svörun. Hér getur því verið um mannsblóð að ræða. Hald var lagt á buxurnar. Buxurnar, sem um ræðir, eru af gerðinni Ferns Star, stærðarmerki 34. Buxurnar eru óhreinar. Á hægri læri eru þrír rauðir blettir og kám, sem gefa jákvæða svörun sem blóð. Blettirnir og kámið eru 40 cm frá ofanverðum buxnastræng, 7 cm frá utanverðum hliðarsaumi á skálm. Á innanverðum buxnafaldi á hægri skálm er rauður blettur, um 1 cm að stærð. Að öðru leyti eru buxurnar skítugar. Á hægri rassvasa er grænleitur blettur og kám. Neðst aftan á hægri skálm eru nokkrir rauðir blettir á 6 cm svæði neðar á faldinum, 4 cm frá innanverðum skálmsaumi. Rauðu blettirnir hafa verið prófaðir og gefa jákvæða svörun sem blóð. Nærbuxur virðast hreinar. Hald var lagt á kvennærbuxurnar. Ekkert sérstakt athugavert sést við skoðun á buxunum.

Samsíða suðvesturvegg, upp við vegginn, er rúm með tveimur sængum og hvítu laki, að því er virðist. Aftan við rúmið til fóta, er rúmteppi á gólfinu. Höfðagafl er við norðausturvegg, og er þar brúnröndóttur púði. Púði þessi er ekki bældur, líkt og sofið hefði verið á honum. Utan um aðra sængina er gulröndótt sængurver. Á því sést beggja vegna brúnt kám, sem getur verið saur, og rautt kám, sem getur verið blóð. Blóðpróf var gert á rauða káminu, og var það jákvætt. „Rauðu blettunum og brúna káminu er nánar lýst í skýrslunni svo og staðsetningu þeirra.

„Hin sængin er með blámynstruðu sængurveri. Á því sést ekkert athugavert. Þegar sængurnar hafa verið teknar, kemur í ljós, að það, sem virðist vera lak, reynist vera sængurver, og virðist sem ekki hafi verið sofið ofan á sængurverinu. Sængurverið sýnist hreint og í því brotfellingar, líkt og það hafi verið tekið úr línskáp og lagt á rúmdýnuna. Þegar sængurverinu er lyft, sést dýnan í rúminu. Þar eru brúnir blettir, kám og klessur, sem geta verið saur. Kámið og klessurnar eru u. þ. b. fyrir miðri dýnu. Ofar, nær höfðagafl, sjást rauðir blettir og kám, sem geta verið blóð. Á starfsstöð lögreglu var gert blóðpróf á einum blettinum, og gaf prófið jákvætt svar.

Undir glugganum upp við norðvesturvegg er hljómtækjaskápur með

ýmsu dóti. Ofan á hljómtækjaskápnum er plötuspilari, hátalarabox og ofan á því almanak og ofan á því gullhálsfesti. Krækjuna vantar, og finnst hún ekki á vettvangi. Á öðrum enda hálsfestarinnar sést rauðleitt kám, sem getur verið blóð. Framan við hljómtækjaskápinn er gólflampi með gylltum kúptum fæti. Skermur er ekki á lampanum, en ekki er ósennilegt, að skermur, sem er í gangi á hæð hússins, tilheyri lampanum. Á fætinum er rauðleitt kám, sem getur verið blóð. Kámið er um 2 cm að stærð. Hluti káms var prófað með blóðprófi á starfsstöð lögreglu, og gaf prófunin jákvæða svörun. Við hlið hljómtækjaskápsins er skrifborð, að hluta undir eystri glugga. Ofan á og í skrifborðinu eru ýmsir pappírar o. fl. Meðfram skúffum er pappírssnifsi, niðurrifinn eldspýtustokkur.“ ... „Í skrifborðs-skúffu í skrifborði Gests fannst bók með svonefndum fyrsta dags umslögum. Hér er um að ræða frímerkt umslög með stimpluðum póststimpli á útgáfudegi. Í skáp vinstra megin í sama skrifborði, innst, fundust einnig nokkur fyrstadagsumslög. Í skrifborðinu voru ýmsir pappírar, sem ekki sýnist ástæða til að telja upp.“

Samkvæmt rannsóknarskýrslu lögreglu var gerð sérstök leit að Steinsstöðum 1. maí sl. að efri hluta jogging-galla, peysu, en vitni höfðu staðhæft, að Sigríður Eggertsdóttir hefði verið íklædd slíkri flík laugardaginn 27. apríl. Enn fremur var gerð leit að skóm Sigríðar. Skórnir fundust í anddyri íbúðarhússins, tilsettir, og er þess getið, að framstykki þeirra hafi snúið að vegg. Í viðbyggingu við íbúðarhúsið, sem nefnt er gamla fjós, fundu lögreglumenn samanvöðlaða, ljósa peysu, og var hún „falin milli stafla af steinullar-einangrunarplötum og pappakassa með ýmsu dóti. Peysan var rök viðkomu“.

Við nánari rannsókn er nefndri peysu lýst svofellt í rannsóknarskýrslu:

„Peysan er ljós, nálægt því að vera hvít að lit. Peysan er blóðug og óhrein, rök viðkomu að neðanverðu, frá handvegi og niður. Peysan samsvarar því að vera hluti af þeim fatnaði, sem vitni á Dagverðareyri hafa lýst. Sams konar efni er í buxum, sem fundust á stólbaki í herbergi Sigríðar. Peysan er með tegundarmerkinu Sonia Rykiel, er um 85% bómull og 15% polyester. Peysan er „vatteruð“ umhverfis hálsmál og yfir öxlum. Á miðri peysu að framan, að neðanverðu, er rautt kám, sem ekki er blóð. Að auki eru á henni óhreinindi, og sjá má grænleita og brúna bletti í henni, sem geta verið leifar hrossaskíts. Blóðslettur og kám eru víða á peysunni og hún sýnilega meira blóðug á vinstri öxl og ermi. Sumir blóðblettanna ná í gegnum efnið. Saumspretta er í vinstri handarkrika peysunnar. Saumsprettan mælist 6 cm út á ermi og 10 cm niður á bol. Á hliðarsaumi vinstra megin neðarlega, 1,5 cm ofan við streng, er saumspretta, 1 cm að lengd. Að aftan

sést einnig blóðkám og skítur. Áberandi er, að blóðkámið er meira á vinstri ermi en öðru. Á aftanverðri vinstri ermi, fremst, er saumspretta, 1 cm að lengd, milli líningar, ermastroffs og ermarinnar sjálfrar, við innri ermar-saum. Annað er ekki athugavert við peysuna.“

Fatnaður sá, sem ákærði var íklæddur við handtöku, var einnig rann-sakaður og er þannig lýst í skýrslu lögreglu:

Blár vinnusamfestingur, blettóttur og óhreinn.

„Khaki“-litar vinnubuxur að framan: „Buxurnar eru allvíða blettóttar og skítugar. M. a. eru grænleitir blettir á skálmum. Á buxunum eru tveir blóð-blettir á svæði, sem er 1 × 2 cm á utanverðu vinstra læri. Blóðblettur, um 1 mm í þvermál, 35 cm frá mittisstreng, 2,5 cm frá skálmsaumi. Í saumfari að utanverðu, 40 cm frá mitti, er blóðblettur, um 1 mm í þvermál.“ ... „Á framanverðri hægri skálm eru blóðslettur og kám á 5 × 7 cm svæði, 2 cm frá utanverðum skálmarsaumi, 23 cm frá mittisstreng. Þá er kringlóttur blettur, 3 mm í þvermál, 28 cm frá mitti, 15 cm frá utanverðum skálmarsaumi. Neð-ar er 2 mm kringlóttur blettur, 47 cm frá mittisstreng, 12 cm frá utanverðum skálmarsaumi. Blettir þessir eru allir rauðir. Einn blettanna var prófaður með blóðprófi og gaf jákvæða svörun sem blóð. Aðrir blettir og kám eru af óþekktum uppruna.“

Í skýrslunni er og greint frá því, að í blárri rúllukragapeysu ákærða hafi verið rauður blettur á framanverðri hægri ermi, er gaf jákvæða svörun við blóðpróf. Hvítar, síðar nærbuxur eru sagðar skítugar og að innanverðu með brúnum klessum. Ekkert athugavert sést á hvítum nærbol eða ullarsokkum.

Í vettvangsrannsóknarskýrslum lögreglu er loks getið um tvær töskur, er fundust í íbúðarhúsinu að Steinsstöðum. Annars vegar var um að ræða hliðartösku með rauðum og grænum röndum, er innihélt m. a. náttslöpp, hárblásara og ýmsar snyrtivörur. Í skýrslunni er þess getið, að á botni töskunnar hafi verið jarðvegur og gras, en einnig á ýmsum munum. Hins vegar var um að ræða ferðatösku, og var innihald hennar aðallega fatnaður.

Í upplýsingaskýrslu um framannefndar vettvangsathuganir er þess getið, að með blóðprófunum hafi verið staðfest, að á haldlögðum munum og hlut-um hafi verið um blóð að ræða.

4. Líkt og áður var greint frá, liggur frammi í málinu krufningarskýrsla Þorgeirs Þorgeirssonar, lækni og sérfræðings í meinafræðum við Fjórð-ungssjúkrahúsið á Akureyri. Skýrsla hans er dagsett 29. apríl sl. Þá liggur og frammi framhaldsskýrsla sérfræðingsins vegna smásjárskoðunar, sem dagsett er 22. maí sl.

Í upphafi fyrri skýrslunnar er greint frá yfirlitsskoðun, svofellt: ...

Niðurstöðukaflí meinafræðingsins (til bráðabirgða) er svofelldur:

„Fundist hafa vítt dreifið út vortis áverkamerki, yfirleitt ekki alvarlegs eðlis eða lífshættuleg að sjá. „Áverki“ vinstra megin í andliti gæti þó verið til kominn eftir þungt högg, og blæðingar í höfuðsverði eru athyglisverðar. ...

Dánarorsök liggur þó eftir sem áður ekki ljós fyrir, þar sem mæna virðist ósködduð (og sömuleiðis heili). Dulinn sjúkdómur hefur ekki komið í leitirnar, og að gefnu tilefni skal enn fremur tekið fram, að ástand lungna bendir ekki til þess, að andlátið verði rakið til skyndilegs asmakasts.“

Í krufningarskýrslunni er greint frá því, að tekið hafi verið hjartablóð til alkóhólákvörðunar og blóðflokkunar svo og vefjasneiðar frá öllum helstu líffærum, þ. á m. heila og mænu, til smásjárskoðunar.

Í skýrslu meinafræðingsins, sem dagsett er 22. maí sl., er greint frá nefndri smásjárskoðun og lokaniðurstöðu, svofellt:

„— —

Lokaniðurstæða.

Eins og fram kemur í bráðabirgðaniðurstöðu, liggur vefræn dánarorsök ekki fyrir þrátt fyrir allveruleg áverkamerki, og við smásjárskoðun staðfestist, að mænubútur, sem tekinn var til frekari rannsóknar, er „óskaddaður“. Enn fremur bendir smásjárskoðun til, að umrædd hryggjarþófaröskun sé ekki nýtilkomin, og þar sem banvænar afleiðingar asmakasts teljast einnig vera óhugsandi, beinist athyglin að starfrænu orsakasamhengi. Liggur þá beint við að ætla, að „hjartastopp“ hafi orðið í kjölfar sterkra taugaviðbragða samfara lamandi áhrifum taugaboða – via nervus vagus (víðtaugarinnar) – á starfsemi hjartans. Atburðarásin er vel þekkt, einkum samfara skörpum þrýstingi á háls og jafnframt á „slagæðarboðann“ (corpus caroticum), sérstaklega þegar hugaræsing eða skelfing hefur gripið um sig („reflex cardiac arrest is a very real and common occurrence, especially in pressure of the neck“, svo að vitnað sé í þekkt réttarlæknisfræðirit). Þessari niðurstöðu til frekari stuðnings áréttast, að nokkuð umfangsmikil fersk blæðing fannst í vinstra höfuðvendi, blæðing, sem hefur væntanlega stafað af hálstaki (eða höggi).“

Samkvæmt vottorðum Rannsóknastofu Háskóla Íslands í meinafræðum var ekki mælanlegt magn etanóls í blóði hinnar látnu. Jafnframt er vottað, að hvorki lyf né eiturefni hafi valdið dauða konunnar eða stuðlað að honum með öðrum hætti.

Að tilhlutan embættis ríkissaksóknara var leitað álits Gunnlaugs Björns Geirssonar, prófessors í réttarlæknisfræðum, vegna áverka á líki Sigríðar Eggertsdóttur og hvernig þeir væru til komnir eða kynnu að vera til komnir, ásamt því að varpa ljósi, svo sem framast væri unnt, á það, hvert hafi verið banamein Sigríðar eða dánarorsök.

Álitsgerð prófessorsins er dagsett 22. júlí sl., og segir þar m. a.:

„Undirritaður hefur kynnt sér aðsend gögn. Umsögn sú, sem hér fer á eftir, byggist á því, sem af þeim má ráða.

Ad.#1. Af myndum, sem teknar voru af líki Sigríðar Eggertsdóttur á þeim stað, er hún fannst látin, svo og af myndum í líkhúsi Fjórðungssjúkrahúss Akureyrar má sjá á yfirborði líkamans: a) marbletti, b) fleiður, sem blætt hefur úr, c) rispur og afrifur (vinstra hné). Blæðing er úr vinstri nös.

Við krufninguna er lýst mari í hársverði. Einnig kemur fram í krufningarskýrslu, að hugsanlega sé áverki á hryggsúlu. Loks lýsir meinafræðingurinn Þorgeir Þorgeirsson blæðingu í vinstri hálsvendivöðva.

Á myndum er að sjá sem ákomur þessar séu nýlegar og geta a. m. k. flestar verið jafngamlar. Mar á handarbökum, sérstaklega á vinstri hendi, hefur getað komið við að bera fyrir sig hönd við fall á gróft yfirborð og ákoma á vinstra hné við að falla á hné á hörðu undirlagi. Ákomur á efri hluta handleggja og vinstra brjósti eru ekki sértækar, en gætu verið eftir pústra eða grip. Sömuleiðis er ákoma á nefi svo sem sést við fall, högg eða pústra á andlit, þar sem nefið tekur við högginu.

Ekki liggja fyrir myndir af hálsi eða blæðingu í höfuðvendivöðva né af blæðingu í hársvörð.

Af lýsingu meinafræðings, Þorgeirs Þorgeirssonar, og Ara H. Ólafssonar bæklunarlæknis fellst undirritaður á, að breytingar þær, sem lýst er í hálsi, eru gamlar og ekki til komnar í tengslum við áverka þá, er konan hlaut, sem að framan er lýst, og eiga hálsliðabreytingarnar enga hlutdeild í dauða hennar.

Ad.#2. Konan hefur látist í kjölfar þess að hafa hlotið sundurleita áverka, sem vegna útlits og dreifingar geta vel komið heim við að hafa orðið til við átök og sviptingar. Enda þótt áverkarnir séu sem slíkir ónógir til þess að skýra dauða konunnar af þeim vefjaskemmdum, sem fyrir liggja, ber að líta svo á, að forsendur þær, sem hér liggja fyrir, geta valdið dauða, svo sem lýst er í álitsgerð Þorgeirs Þorgeirssonar, meinafræðings Fjórðungssjúkrahúss Akureyrar, í lokaniðurstöðu.

Eftirgrennslan af þessu tagi takmarkast af því að hafa ekki séð látnu á vettvangi né heldur verið viðstaddur krufningu. Ekki verður annað séð á myndunum en konan hafi látist á þeim stað, er hún fannst. Æskilegt hefði og verið að sjá myndir af áverka á hálsi með blæðingu í hálsvefi (höfuðvendi), sem lýst er við krufningu, svo og vefjasneiðar.“

Gunnlaugur Björn Geirsson, prófessor í réttarlæknisfræðum, fæddur 1940, kom fyrir dóm og staðfesti áður nefnda álitsgerð. Vitnið staðfesti og, að niðurstaða álitsgerðarinnar væri samhljóða niðurstöðu í krufningarskýrslu Þorgeirs Þorgeirssonar.

Vitnið skýrði frá því, að hjartastopp, er yrði í kjölfar sterkra taugaviðbragða, svonefnt „vagal inhibition“, ætti sér stuttan aðdraganda, venjulega aðeins nokkrar sekúndur. Slík atburðarás væri vel þekkt og í samræmi við eigin reynslu hans svo og viðurkenndar réttarlæknisfræðilegar heimildir. Vitnið útskýrði nefnt ferli nánar þannig, að í þeim æðastofnum í hálsi, er liggja til höfuðs, væri lítilleg útvíkkun á æð þeirri, er færi til heilans, innri „carotis“-slagæð, og að þar væri taugaboði sá, er næmi þrýsting í æðum. Ef afbrigðilegur þrýstingur kæmi fram á þetta taugakerfisboð, leiddi það til þess, að boð færu til hjartans, sem þá hægði á sér. Afleiðingin yrði blóðnaud til heila, meðvitundarleysi og síðan andlát. Vitnið bar, að ýmis efni gætu haft áhrif á þessa atburðarás, t. d. adrenalín, og yki það þá hættuna á hjartsláttartruflunum.

Vitnið staðhæfði, að þegar litið væri til þeirra áverka, sem sjáanlegir hefðu verið á hálsi hinnar látnu, og er aðrir þættir hefðu verið útilokaðir, væri áðurgreind dánarorsök líklegust. Vitnið vísaði jafnframt til þess, að engin myndræn breyting hefði verið sýnileg á lungum, er annars hefði getað bent til bráðaasmakasts skömmu fyrir andlátið. Vitnið staðhæfði, að merki um slíkt hefðu og verið mjög skýr, þ. e. slímmyndun, sérkennileg íferð blóðkorna og aðrar alvarlegar breytingar á lungunum. Slíkar breytingar gengju ekki til baka og hefðu að áliti vitnisins ekki leynst þrátt fyrir langvarandi sjúkrasögu hinnar látnu.

Fyrir dómi greindi vitnið frá því, að líkblettir kæmu fram u. þ. b. 20 mínútum eftir andlát, fyrst aftan við eyra og aftan á hálsi, en að öðru leyti eftir legu lífs. Myndun slíkra bletta væri lokið eftir u. þ. b. tvær klst.

Porgeir Þorgeirsson, læknir og sérfræðingur í meinafræðum, fæddur 1934, hefur komið fyrir dóm og staðfest krufningarskýrslu. Vitnið var spurt að því, hvort það hefði séð aðra líklega dánarorsök en þá, sem nefnd er í lokaniðurstöðu skýrslunnar. Svaraði vitnið því til, að beitt hefði verið útilokunargreiningu, og svaraði spurningunni neitandi. Vitnið vísaði til þess, að eigi væri unnt að sannreyna dánarorsökina með sérstökum ummerkjum, þar eð hún byggðist á starfrænu ferli og stafaði líkt og í þessu tilfelli t. d. af snöggum, skörpum þrýstingi á háls, sérstaklega á miðjan hálsinn. Vísaði vitnið til þess, að á nefndum líkamshluta væri svonefndur „sinus caroticus“ taugagreinar, er næmur væri fyrir þrýstingsbreytingum í blóðrásinni. Lýsti vitnið þessu sem nokkurs konar afbrigði af taugaáfalli eða taugalosti og kvað reynslu sýna, að ekki þyrfti að koma til mikill þrýstingur, ef maðurinn væri viðkvæmur að eðlisfari, taugastrekkur eða hræddur. Vitnið staðfesti, að talsvert mikil blæðing hefði verið á hálsi hinnar látnu. Kvaðst vitnið því hafa ályktað, að hún hefði orðið fyrir talsvert miklum áverka eftir mikinn þrýsting eða högg, sem leitt hefði til hjartastopps og dauða innan sekúndna.

Vitnið bar, að atburðarásin væri vel þekkt og viðurkennd í læknavísindum.

Fyrir dómi ítrekaði vitnið, að aðrir líkamlegir þættir hefðu engin áhrif haft á dánarorsök hinnar látnu og þá ekki þrálátur asmasjúkdómur ellegar ferskar blæðingar í slímhúð nýrnaskjóðna. Um hið síðarnefnda vísaði vitnið til þess, að víða hefðu verið blæðingar, t. d. meðfram hrygg. Vitnið kvaðst hafa ályktað, að blæðingarnar væru til komnar vegna áverka. Enn fremur kvað vitnið ekkert sérstakt orsakasamband vera á milli saur- og þvagláta hinnar látnu og áðurnefndrar dánarorsakar.

Aðspurt kvaðst vitnið hafa athugað nálarstunguför á líkinu, aðallega á handarbókum, en kvað niðurstöðuna hafa verið neikvæða. Vitnið staðfesti loks, að marblettir hefðu verið á upphandleggjum báðum megin, en eigi í olnbogabót.

Vitnið Björn Magnússon, læknir og sérfræðingur í lungnasjúkdómum, fæddur 1947, kom fyrir dóm við aðalmeðferð, en undir rekstri málsins hafði verið lagt fram læknisvottorð hans um sjúkrasögu Sigríðar heitinnar Egge-rtsdóttur. Fyrir dómi staðfesti vitnið, að Sigríður hefði þjást af asmasjúkdómi um 35 ára skeið. Vitnið bar, að einkennin hefðu í fyrstu verið væg, en síðar ágerst og hún af þeim sökum farið í skyndimeðferð á slysavarðstofu árið 1982. Þá taldi vitnið það og hafa gerst árið 1994. Vitnið bar, að dregið hefði úr einkennum asmasjúkdómsins eftir fyrstu dvöl Sigríðar á Reykjalundi árið 1986, en alls kvað vitnið hana hafa dvalist á stofnuninni fimm sinnum vegna sjúkdómsins og þrekleysis. Vitnið bar, að einkenni sjúkdóms Sigríðar hefðu ágerst við geðshræringar, þó að það hefði ekki verið einhlítt. Vitnið staðfesti áðurnefnt læknisvottorð sitt og þ. á m. svofelld niðurlagsorð, en vottorðið er dagsett 4. október sl.:

„Fyrir síðustu komu á Reykjalund (7. 1. 1996-18. 2. 1996) hafði Sigríður verið með nokkur asmaeinkenni að næturlagi, en lagðist þó aðallega inn vegna almenns slappleika og þreytu, auk þess sem hún hafði í huga að megrast, en hún hafði þyngst um ein 7 kíló frá árinu 1994 og var um það leyti 78 kg. Ástand Sigríðar í þessari síðustu dvöl hennar á Reykjalundi var mjög gott. Hún var algjörlega laus við asmaeinkenni. Öndunarmæling var eðlileg, og hún bætti þol sitt talsvert við úthaldsþjálfun. Auk þess léttist sjúklingurinn um tæp 4 kg. Sigríður var og áhugasöm um meðferð sína í þessari dvöl á Reykjalundi og virtist ekki eins kvíðin og spennt og oft áður. Útskrifaðist hún við mjög góða líðan 18. 2. 1996 á asmalyfjum, sem bæði eru bólguhamlandi og berkjuvíkkandi. Auk þess notaði Sigríður við útskrift lyf, sem bæði er notað við þunglyndi, kvíða og svefntruflun. Sigríður var hjart-sýn við útskrift og ákveðin í að viðhalda heilsu sinni með úthaldsþjálfun og

heilbrigðum lifnaðarháttum. Frá þessum tíma og fram að andláti Sigríðar hafði hún ekkert samband við mig.“

Fyrir dómi staðfesti vitnið, að Sigríður heitin hefði haft tilhneigingu til að nota skammvinn úðalyf við sjúkdómi sínum í stað langverkandi lyfja.

Aðspurt fyrir dómi svaraði vitnið því til, að við andlát vegna asmakasts kæmu ávallt fram bólgubreytingar í berkjuveggjum, slímsöfnun og skemmdir og rof í slímhimnum. Aðdragandi slíks andláts væri og yfirleitt undanfarandi veikindi í nokkra daga eða vikur.

Vitnið kvað framannefndar breytingar á lungum hins vegar ekki ávallt sýnilegar, ef um vægt asmakast væri að ræða, jafnvel þó að sjúklingur fengi endurtekið kast. Vitnið staðhæfði hins vegar, að slík skammvinn asmaköst drægju menn örugglega ekki til dauða, nema áðurnefndar breytingar í lungum hefðu orðið.

5. Ákærði Gestur Eiríkur Eggertsson var, eins og áður greinir, handtekinn að kvöldi 27. apríl sl. Næstu vikur var ákærði oftinnis yfirheyrður af rannsóknarlögreglu. Ákærði hefur frá upphafi neitað sakargiftum. Verður nú gerð grein fyrir framburði hans við rannsókn og meðferð málsins.

Samkvæmt frásögn ákærða keypti hann lögbylíð Steinsstaði I í Öxnadal ásamt vélum og bústofni árið 1993. Ákærði kvaðst í fyrstu hafa haldið heimili með móður sinni, en eftir að hún lést í febrúarmánuði 1996, hefði hann búið einsamall. Ákærði kvað einkasystur sína, Sigríði Eggertsdóttur, í tvígang hafa komið að Steinsstöðum, fyrir síðustu komu, þar af í öðru tilvikinu, er móðir þeirra lést. Ákærði staðhæfði, að eðlilegt systkinasamband hefði verið með þeim.

Við lögregluyfirheyrslu 28. apríl sl. bar ákærði, að ætlan Sigríðar með heimsókn sinni 24. apríl sl. hefði verið að sækja muni úr dánarbúi móður þeirra, en enn fremur að ganga frá pappírnum vegna skuldar hans við þau hjón, upphaflega að fjárhæð 1.800.000 kr. Þá kvað hann ætlan Sigríðar hafa verið að fara aftur til Reykjavíkur sunnudaginn 28. apríl.

Við komu Sigríðar miðvikudagskvöldið 24. apríl, bar ákærði, að þau hefðu tekið tal saman og drukkið úr einni kippu af bjór í sameiningu. Líkt og við síðari yfirheyrslur hjá lögreglu hélt ákærði því staðfastlega fram, að þetta hefði verið eina áfengið, sem hann neytti, þar til hann drakk úr einni bjórdós um kl. 18.00 laugardagskvöldið 27. apríl sl. Ákærði bar, að systir sín hefði dvalist á heimilinu 25. og 26. apríl, sýslað við heimilisverk, þ. á m. við þrif á eldhúsi, herbergi og baðherbergi, en einnig lítillaga aðstoðað sig við bústörf utandyra. Hann kvað óundirritað skuldabréf, að fjárhæð 2.000.000 kr., er Sigríður hafði meðferðis við komu, hafa legið þann tíma óhreyft á

skrifborði sínu. Ákærði kvaðst ekki hafa kynnt sér efni bréfsins, ætlað að gera það síðar. Nefnda daga kvaðst ákærði hafa veitt því eftirtekt, að Sigríður hafði tekið til sín ýmsa smáhluti, er verið höfðu í eigu móður þeirra. Jafnframt kvaðst ákærði hafa fengið staðfestingu á því, að Sigríður hafði farið í skrifborð sitt með því að setja litla miða á skúffubrúnirnar. Ákærði bar, að ekkert fémætt hefði verið í skrifborðinu fyrir utan hluta af frímerkjasafni sínu, en hann kvað meginhluta safnsins hafa verið geymdan í bankahólf. Ákærði staðhæfði, að þau systkinin hefðu þrátt fyrir þetta ekkert rifist, en kvað andrúmsloft þeirra í milli hafa verið þrúgandi. Þá staðhæfði ákærði, að hann hefði farið að veita Sigríði auga vegna grunsemda um, að hún neytti einhvers konar lyfja. Ákærði kvaðst þó hafa haft vitnaskju um, að hún var asmasjúklingur.

Eftir venjubundin bústörf að morgni laugardagsins 27. apríl sl. kvaðst ákærði hafa hitt Sigríði um kl. 9.30. Í samræðum þeirra þá kvaðst ákærði hafa neitað að hafa skrifað undir áður nefnt skuldabréf með vísan til þess, að hann vildi skoða það betur. Eftir þessi orðaskipti kvaðst ákærði hafa farið að sinna bústörfum, en Sigríður haldið til Akureyrar kl. 11.30, líkt og ætlun hennar hafði verið.

Eftir hádegi nefndan dag kvaðst ákærði hafa hringt í eiginmann Sigríðar, vitnið Þorstein Guðlaugsson, og m. a. rætt við hann um efni skuldabréfsins. Ákærði kvað samtali þeirra hafa endað með leiðindum og rifrildi. Í skýrslutöku 30. apríl bar ákærði, að erindi sitt við Þorstein hefði verið að ræða um fjárhæð bréfsins, sem hann kvaðst hafa talið, að ætti að vera talsvert lægri, eða um 1,2 milljónir. Eftir útskýringar Þorsteins kvaðst ákærði hafa orðið „alveg öskuillur“, en kannaðist ekki við að hafa haft í hótunum eða verið undir áhrifum áfengis. Eftir þetta kvaðst ákærði hafa hvað eftir annað reynt að ná símasambandi við Þorstein.

Eftir áður nefnt símtal um kl. 15.30 kvaðst ákærði hafa haldið til útihúsa, en síðan til viðgerða á vatnsleiðslu í fjallinu fyrir ofan bæinn. Samkvæmt upplýsingaskýrslu lögreglu er nefnd vatnslögn um 600 m frá íbúðarhúsinu. Um kl. 16.00 kvaðst ákærði hafa veitt því athygli, hvar bifreið Sigríðar var ekið heim að lögbýlinu, og 15–20 mínútum síðar kvaðst hann hafa farið inn í íbúðarhúsið til viðræða við Sigríði. Ákærði bar, að dyr á herbergi Sigríðar hefðu þá staðið í hálfa gátt, og kvaðst hann hafa veitt því athygli, hvar Sigríður lá þar í rúminu steinsofandi. Ákærði bar, að sterk sól hefði skinið inn í herbergið. Eftir að hafa sinnt bústörfum um stund, kvaðst ákærði að nýju hafa litið til Sigríðar, en þá veitt því eftirtekt, að litabreyting var á húð hennar, og nokkru síðar séð, að hún var látin. Við nánari athugun kvaðst ákærði hafa séð, að gamall áverki var á nefi Sigríðar, en einnig nýrri rispa á

vanga. Enn fremur kvaðst ákærði hafa séð nálarstunguför á öðrum handlegg hennar svo og á handarbaki. Frekari áverkum kvaðst ákærði ekki hafa tekið eftir, en veitt því athygli, að föt hennar voru á stólbaki þar hjá. Ákærði kvaðst hafa þurrkað blóð af nefi Sigríðar, en að öðru leyti ekki hreyft við henni. Vegna alls þessa kvaðst ákærði hafa fengið þá hugdettu, að systir sín hefði verið „fíkill“ og fyrirfarið sér og þá í sama rúmi og móðir þeirra hefði látist í. Í ráðleysi sínu kvaðst ákærði í fyrstu hafa hringt til frænku sinnar, Helgu Pálsdóttur, um kl. 19.00. Við fyrrnefnda yfirheyrslu neitaði ákærði því að hafa átt í handalögmálum við Sigríði, og aðspurður um, hvort hann hefði átt einhvern þátt í andláti hennar, svarað: „Ekki vil ég meina það.“

Í fyrirtöku fyrir dómi 28. apríl sl. vegna gæsluvarðhaldskröfu staðfesti ákærði ofangreinda skýrslu.

Við yfirheyrslu ákærða 30. apríl sl. var framburður hans með líku sniði og í fyrstu skýrslu hans. Ákærði kvaðst hins vegar hafa veitt því athygli, er hann leit inn í herbergi Sigríðar í síðara sinn, um kl. 16.30, að hún lá á bakinu í sömu stellingu og áður og nakin fyrir utan brjóstahaldara, og enn fremur, að úðabrúsi hafi verið við hlið hennar. Eftir að hann hafði farið í útihús og komið inn í íbúðarhúsið að nýju og lagt sig um stund, kvaðst ákærði hafa litið til Sigríðar í þriðja sinn og ætlaði, að klukkan hefði þá verið um 18.00.

Aðspurður um ástæðu þess, að hann kallaði ekki á aðstoð, eftir að hann áttaði sig á því, að Sigríður var látin, vísaði ákærði til þess, að móðir sín hefði andast í þessu sama rúmi nokkru áður. Orð ákærða voru annars þessi: „Mér fannst þetta ekki vera slys. Sko, það var þannig hjá mér, ... ég var alveg frosinn. Ég bara trúði þessu ekki.“ „Já, ég var alveg bara viti mínu fjær, nýbúinn að standa í þessu. Ég vissi ekki, hvað ég ætti að gera, hringisnerist bara þarna í eldhúsinu, fór út í fjós og þar einn hring og fleiri og vissi ekkert, hvernig upp á mig stóð veðrið.“

Auk þeirra áverka, er ákærði hafði áður lýst, kvaðst hann hafa veitt athygli, að blóð rann frá nefi Sigríðar, niður hálsinn og á gólfið.

Við nefnda yfirheyrslu var ákærða kynnt frásögn vitnisins Leós Viðars um komu á heimili ákærða á rauðri pallbifreið um kl. 18.00 27. apríl. Ákærði svaraði því til, að hann hefði séð til nefndrar bifreiðar, er hann var við vinnu sína í fjallinu um kl. 16.00, og andmælti því tímasetningu vitnisins. Nánar spurður bar ákærði, að verið gæti, að hann hefði verið sofandi um kl. 18.00. Þá var ákærða kynnt efnisatriði úr krufningarskýrslu meinafræðings um áverka á líki Sigríðar. Ákærði hafði ekki skýringar á áverkunum, en nefndi, að hann hefði tekið um annan upphandlegg Sigríðar, er hún féll við

í útihúsi hans. Sérstaklega spurður um áverka á hálsvöðva og undir hár-sverði svaraði ákærði: „Það er eina skýringin, að hún hafi farið þarna niður tröppurnar.“ Og vísaði ákærði jafnframt til þess, að hugsanlega hefði hún fengið smakast. Sem fyrr neitaði ákærði því að hafa lagt hendur á systur sína og hafði enga eiginlega skýringu á blóðblettum, er lögreglumenn fundu í risherbergi hans. Vísaði ákærði þó til þess, að hann hefði haft sár á fingri og að tiltekin kona hefði komið í heimsókn til sín.

Við skýrslutöku lögreglu 1. maí sl. óskaði ákærði eftir því að breyta fyrri framburði sínum, þ. e. eftir að hann kom frá vatnslögninni í fjallinu. Frásögn ákærða var svofelld:

„Hann segir, að er hann kom ofan úr fjalli um kl. 16.30, hafi Sigríður verið komin heim. Hún hafi þá verið við bifreið sína, sem var sunnan við húsið (talið í höfuðáttum) eða suðaustan við það. Kærði segir, að Sigríður hafi verið að athafna sig eitthvað við bifreiðina. Hann kveðst hafa gengið beint inn í bæ um dyrnar, sem eru austan á húsinu, eða þar inn á gang og síðan um kjallarann og upp. Hann segir, að er hann komi upp í íbúðina, sjái hann, að blóm, sem var uppi í stiganum, hafði fallið um koll. Þá kveðst hann hafa stokkið upp á loft, því að sér hafi þá dottið í hug, að Sigríður væri búin að taka poka með lopa og þrjónuðum lopapeysum, sem móðir þeirra hafði átt. Hún hefði átt tvo poka, og hefði Sigríður tekið annan um morguninn, og nú taldi kærði, að hún hefði einnig tekið hinn, meðan hann var í burtu. Er hann kom upp, hefði hann séð, að pokinn var horfinn. Hann kveðst þá hafa stokkið niður aftur og á leiðinni niður hafi sér dottið í hug, að Sigríður hefði einnig tekið tösku sína og væri á leiðinni í burtu. Hann kveðst því hafa farið inn í herbergi hennar og séð, að taskan var líka horfin.

Kærði kveðst þá hafa orðið ofsareiður og stokkið út á tröppur og suður fyrir hús. Hann segir, að sú hugsun hafi „runnið gegn“ hjá sér, hve lengi hann ætti að láta Sigríði vaða yfir sig orðalaust. Kærði segir, að þegar hann hafi komið út á tröppurnar, hafi hann öskrað til Sigríðar, sem þá var ennþá að athafna sig við bifreiðina: „Hvernig vogarðu þér að fara í skrifborðið mitt?“ Hann kveðst síðan hafa vaðið að Sigríði og öskrað á hana: „Inn með þig. Inn með þig.“ Hann segir, að Sigríður hafi bandað frá sér, svo að hann hafi gripið í hendur henni og dregið hana áleiðis inn. Hann kveðst hafa dregið hana áleiðis inn húsmegin við bifreiðina. Sigríður hafi veitt mótspyrnu, svo að hann hafi þurft að draga hana. Við það hafi Sigríður dottið niður á hnén. Kærði segir, að hún hafi reist sig upp og hann skipað henni að koma með sér, en þar sem hún hafi neitað því, hafi hann þurft að draga hana að tröppunum. Hann kveðst þá hafa skipað henni að fara upp tröpp-

urnar, og þá hafi hún dottið og kallað: „Pústið mitt, pústið mitt.“ Kærði kveðst þá hafa skilið hana eftir í fyrstu eða annarri tröppu og náð í „pústið“, sem lá á jörðinni skammt frá. Hann kveðst hafa látið hana fá „pústið“ og síðan skipað henni að fara áfram upp tröppurnar. Sigríður hafi þá aftur dottið í tröppunum, og kveðst kærði þá hafa lyft aftur undir rassinn á henni og hún þá staðið upp aftur. Er þau komu að útidyrnum, kveðst kærði hafa skipað henni að fara inn. Hurðin hafi staðið í hálfa gátt, og þar hafi Sigríður rekið sig í hurðina eða hurðarstafinn með höfuðið. Hann hafi skipað henni áfram, og hafi Sigríður gengið óstudd upp í herbergi kærða.

Þar kveðst kærði hafa spurt hana, hvers vegna hún hafi farið í skrifborð hans. Sigríður hafi svarað því til, að hún hafi bara verið að skoða. Kærði kveðst þá í bræði sinni hafa spurt hana, hvað hún hefði gert við frímerki hans og hvar þau væru. Kærði segir, að það hafi setið í sér, að hún skyldi fara í þetta eina „prívat“, sem hann átti, því að það hafi hann viljað hafa út af fyrir sig. Hann kveðst ekki hafa vitað það með vissu, hvort Sigríður tók einhver frímerki eða ekki, þar sem hann hafði það ekki skráð. Með þessu kveðst hann hafa verið að prófa hana. Kærði segir, að Sigríður hefði neitað því að hafa tekið frímerki. Kærði kveðst ekki hafa trúað því, og þar sem sér hafi dottið í hug, að hún hefði stungið þeim inn á sig, hafi hann skipað henni að fara úr fötunum. Kærði segir, að Sigríður hafi þá klætt sig úr buxunum, og þar sem hann hafi þá ekki séð nein frímerki, hafi hann skipað henni að fara úr nærbuxunum líka. Það hafi Sigríður gert sjálf, en engin frímerki komið í ljós. Kærði kveðst einnig hafa skipað henni að fara úr að ofan, öllu nema brjóstahaldaranum.

Kærði er nú spurður, hvernig Sigríður hafi verið klædd. Hann segir, að hún hafi verið í samlitum „jogging-galla“, „beige“-lituðum. Hann segir, að Sigríður hafi lagt fötin, sem hún fór úr, á gólfíð.

Kærði kveðst ekki hafa séð nein frímerki, þó að Sigríður hafi afklæðst. Hann segir, að Sigríður hafi svo lagst upp í rúm hans og sagt: „Mér er að verða illt.“ Þá kveðst kærði hafa sagt við hana: „Stattu þá upp, ég skal fylgja þér niður, þar sem þú getur lagt þig“. Kærði telur, að áður en hún stóð upp, hafi hann séð blóð á henni úr vinstri nös, og kveðst hann hafa þurrkað það, ef hann man rétt. Sigríður hafi þá staðið upp, og hefðu þau leiðst fram að stiga og labbað niður hlið við hlið. Sigríður hafi síðan farið inn í herbergi sitt og lagst þar upp í rúm. Kærði kveðst síðan hafa farið upp aftur til þess að ná í föt hennar. Þá hafi hann séð, að saur var í lakinu. Hann kveðst hafa tekið lakið og vöðlað því upp. Hann kveðst hafa tekið lakið og föt hennar. Hann kveðst hafa séð, að blóð eða æla var í treyju hennar, og því hafi hann farið með hana niður í kjallara ásamt lakinu. Kærði segir, að

sig minni, að hann hafi sett treyjuna í þvottabala með vatni í, en lakinu, sem var hvítt, að sig minni, hafi hann hent til hliðar. Hann kveðst ekki vita með vissu, hvað varð um það. Aðspurður um, hvað varð af skóm Sigríðar, kveðst kærði ekki geta svarað því, en telur, að þeir hljóti að vera á staðnum. ... Kærði kveðst að þessu loknu hafa farið út. Hann kveðst ekki hafa séð neitt óeðlilegt við hana, og því hafi hann ekki séð ástæðu til þess að kalla til lækni. Hann segir, að hún hafi verið með fullri meðvitund. Kærði segir, að það, sem eftir þetta gerðist, sé í samræmi við fyrri framburð sinn.“

Er ákærða var bent á það við framannefnda skýrslutöku, að ferðataska Sigríðar hefði verið í herbergi hans, er lögregla kom á vettvang, svaraði ákærði, að það atriði hefði þá verið byggt á misskilningi og/eða hann dregið rangar ályktanir. Ákærði greindi og frá því, að þá um morguninn, 27. apríl, hefði hann leitað að frímerkjunum í tösku Sigríðar, og vísaði til þess, að hann ætti í fórum sínum á Steinsstöðum 60-70 fyrstadagsumslög svo og eitt-hvað af lausum frímerkjum. Eigi hafði ákærði vitneskju um verðmæti safnsins, en vísaði til þess, að meginhluti safnsins væri í geymslu í bankahólf.

Við lögregluyfirheyrslu 2. maí sl. bar ákærði, að hann hefði engu við fyrri skýrslur sínar að bæta utan því, að hann kvað Sigríði auk saurs hafa misst frá sér þvag, er hún reis upp úr rúmi hans í risherberginu. Í nefndri skýrslutöku staðfesti ákærði, að Sigríður hefði verið íklædd „beige-lituum jogginggalla“ og með brúna skó á fótum. Buxurnar kvaðst ákærði hafa lagt á stólbak við rúm hennar, eftir að hann hafði fylgt henni niður í herbergið. Þá kvaðst hann hafa notað treyju Sigríðar til að þurrka upp blóð og þvag af gólfinu í risherberginu. Vísaði ákærði til þess, að treyjan hefði verið blóðug fyrir, þar eð Sigríður hefði fengið blóðnasir við útidyratröppurnar vegna asmakastsins. Ákærði kannaðist og ekki við að hafa slegið til Sigríðar, en er honum var kynnt sú ályktun í krufningarskýrslu, að Sigríður hefði hlotið þungt högg vinstra megin í andlit, svaraði ákærði, að hún hefði dottið tvisvar til þrisvar á höfuð, er hann var að reyna að koma henni upp útidyratröppurnar. Jafnframt kvað hann höfuð Sigríðar hafa slegist við dyrakarminn á leið hennar inn í íbúðarhúsið. Ástæðu þessa ætlaði ákærði, að mætti rekja til asmakasts Sigríðar.

Ákærði staðhæfði, að hann hefði lagt treyju Sigríðar í bleyti, eftir að hann hafði notað hana í risherberginu, en er honum var bent á, að treyjan hefði fundist falin í gamla fjósinu, kannaðist hann við að hafa troðið henni þar á milli pappakassa og stæðu af steinullarplötum.

Við dómsyfirheyrslu 3. maí sl. staðfesti ákærði efni framangreindrar lögregluskýrslu.

Við framhald yfirheyrslu lögreglu dagana 7., 8. og 9. maí var frásögn

ákærða með líkum hætti og hér að framan hefur verið rakið, en þó ýtarlegri. Þannig kvaðst ákærði hafa gengið inn um bakdyrainngang íbúðarhússins, er hann kom úr fjallinu, og þá veitt því athygli, að blómapottur hefði fallið á hliðina í stiganum upp í risið. Vegna þessa kvaðst ákærði hafa fengið grunsemdir um, að Sigríður hefði tekið ullarpoka, sem geymdur var á loftinu. Ákærði kvaðst hafa verið í útiskóm og útifötum og farið út á tröppurnar aðaldyra megin. Ákærði kvaðst hafa staldrað við, er hann sá til Sigríðar, þar sem hún var að bogra við bifreiðina. Kvaðst ákærði hafa reiðst áður nefndum athöfnum Sigríðar, kallað upp, en síðan gengið greitt til hennar og sagt: „Nú kemur þú upp með mér og sýnir mér, hvað þú gerðir.“ Ákærði bar, að Sigríður hefði svarað, að hún hefði ekkert gert, og kvaðst hann þá hafa tekið í handlegg hennar og dregið hana að tröppunum þrátt fyrir mótspyrnu af hennar hálfu. Á nefndri leið kvað ákærði Sigríði tvívegis hafa fallið á hné og fram á hendurnar, í fyrstu við bifreiðina, en í síðara sinnið á milli bifreiðarinnar og íbúðarhússins. Ákærði kannaðist ekki við, að farangur Sigríðar hefði verið við bifreiðina greint sinn, og hafði ekki skýringar á þurru hrossaskít í handtösku, er var innandyrna við komu lögreglu. Hið sama gildi um plastdós, er fannst skammt frá bifreiðinni, en hluti hennar innandyrna. Ákærði hafði og ekki skýringar á þeirri óreiðu, er var í bifreiðinni, og ekki á munum, er lágu á hlaðinu. Margspurður um skartgrip svaraði ákærði í skýrslu lögreglu: „Nú, þetta dettur bara af henni þarna í látunum, dettur í þrýstingnum, þegar hún var með þennan mótþróa og er að hrista sig til. Það er ekki um neitt annað að ræða.“ Þá svaraði ákærði þeirri spurningu, hvort Sigríður hefði lent utan í bifreiðinni greint sinn, svofellt: „Ég man nú ekki, að við höfum farið utan í bílinn. Það getur þó vel verið, að hún hafi kastast utan í bílinn.“

Ákærði staðhæfði, að hann hefði sleppt taki á Sigríði, er þau komu að aðaldyratröppunum, og minntist þess ekki, að þau hefðu átt frekari orðaskipti fyrir utan það, er Sigríður kallaði eftir asmapústi sínu. Við yfirheyrsluna orðaði ákærði það svo, að Sigríði hefði verið það alveg ljóst, að hann ætlaði henni að fara upp í herbergið í risinu. Á leið þeirra upp tröppurnar kvaðst ákærði ekki nákvæmlega hafa séð, hvernig Sigríður féll við, hvort eða hvernig höfuð hennar rakst í tröppurnar, og vísaði til þess, að hann hefði staðið fyrir aftan hana. Ákærði staðhæfði og, að Sigríður hefði fallið í þriðja sinn efst í tröppunum, og kvaðst hann þá hafa veitt henni aðstoð með því að lyfta undir bakhlutann. Loks kvað ákærði Sigríði hafa rekið höfuðið í dyrakarminn og hurðina, um leið og hún fór inn úr dyrunum. Eigi gat ákærði gert grein fyrir, hversu þung högg Sigríður hlaut við nefndar ákomur.

Á leið þeirra upp í risið kvað ákærði sem fyrr engin orðaskipti hafa orðið. Eftir að inn í herbergið var komið, kvaðst ákærði hafa innt Sigríði eftir því, hvað hún hefði aðhafst þar, en hún þá svarað neikvætt. Kvaðst ákærði þá hafa gefið Sigríði skipun um að fara úr fötum og hún hlýtt þeirri skipun hans orðalaust. Er Sigríður hafði lagst í rúmið, kvaðst ákærði hafa séð saur renna frá henni, og jafnframt kvað hann hana hafa haft orð á veikindum. Framhaldinu lýsti ákærði svo í staðfestri lögregluskýrslu:

„Kærði segir, að áður en Sigríður stóð upp, hafi hann tekið eftir áverka á nefi hennar. Hann segir hins vegar, að hann hafi talið það vera gamalt mar vegna þess, hve dökkt það var. Þá segir kærði, að ekki hafi blætt neitt úr Sigríði, a. m. k. hafi hann ekki séð það. Hann segir þó, að blóð hafi lekið úr vinstri nös hennar, og hafi hann talið það vera blóðnasir. Það geti skýrt blóðblettinn í rúmdýnunni. Kærði segir, að Sigríður hafi staðið upp hjálparlaust, og er hún hafi staðið upp úr rúminu, hafi hún misst þvag á gólfið. Kærði segir, að engar skýringar hafi komið fram á því, hvers vegna Sigríður missti saur og þvag. Hann segir, að ekki hafi verið mikið talað þarna og Sigríður ekki sagt eitt einasta orð.“

Ákærði neitaði því við yfirheyrsluna, að til átaka hefði komið með þeim í risherberginu. Þá kvað hann Sigríði ávallt hafa haldið á asmapústinu. Eftir að hann hafði fært Sigríði niður í herbergið inn af eldhúsinu, kvaðst ákærði hafa aðstoðað hana við að breiða sæng yfir sig. Síðar kvaðst ákærði hafa komið að Sigríði andaðri í sömu stellingu og hann hafði skilið við hana.

Eftir að ákærði hafði þrifið nokkra blóðdropa svo og saur í risherberginu, kvaðst ákærði hafa þvegið sér um hendur, en að öðru leyti var frásögn hans með svipuðu sniði og áður.

Ákærði ætlaði, að klukkan hefði verið um 18.00, er hann endanlega gerði sér grein fyrir, að Sigríður var látin. Kvaðst ákærði þá fyrst hafa veitt því eftirtekt, að skinnspretta var á enni Sigríðar vinstra megin. Síðan kvaðst ákærði hafa þrifið saur af hægri hendi hennar, en ekki kvaðst hann hafa átt frekar við líkið. Ákærði ætlaði, að klukkan hefði verið 19.30, er hann náði tali af Helgu Pálsdóttur, og um 20.00, er hann hringdi í vaktlækni.

Varðandi dánarorsök Sigríðar kom enn fram í skýrslugjöf hjá ákærða 9. maí sl., að hann hefði leitt hugann enn meira að því, hvort Sigríður væri fíkniefnaneytandi og hvort samband væri á milli símhringingar á Steinsstaði fyrr um daginn og andláts hennar. Jafnframt hefði sér dottið í hug, hvort Sigríður hefði e. t. v. verið búin að ákveða að deyja þarna og einhver hefði hugsanlega vitað af því og það verið sá, sem hefði hringt.

Við yfirheyrslu hjá lögreglu 14. maí sl. andmælti ákærði því að hafa afmáð verksummerki og kvaðst t. a. m. ekki hafa ryksugað upp mold eftir að

hafa reist upp jukkujurt í risstiganum. Ákærði kannaðist og ekki við að hafa hent jukkublöðum út um gluggann. Aðspurður um raka í hári Sigríðar við komu lögreglu á vettvang svaraði ákærði því til, að hann hefði þurrkað upp þvag með buxum Sigríðar, og taldi hugsanlegt, að hann hefði lagt þær við höfuð hennar, er hann reisti hana á fætur í risherberginu. Hins vegar hafði ákærði ekki skýringar á því, hvers vegna treyja Sigríðar var rifin, og þá ekki, hvers vegna blóð var innan á treyjuerminni. Ákærði staðfesti hins vegar, að hann hefði farið með saurkámugt lak í þvottabala í þvottahúsinu.

Við lokayfirheyrslu hjá lögreglu 23. maí sl. vísaði ákærði sem fyrr til fyrri framburðar og kannaðist við að hafa séð til ferða rauðrar pallbifreiðar 27. apríl sl., en á hinn bóginn kannaðist hann ekki við að hafa séð til ferða Leós Viðars Leóssonar. Ákærði orðaði þetta svo í skýrslunni: „Ég tel mig hafa séð bíl, en ég geri mér ekki grein fyrir, á hvaða tíma það var. Það var svona rauður „pickup“, sem ég kannaðist ekki við.“

Aðspurður um blóð í eigin fötum taldi ákærði, að það hefði verið úr systur sinni. Ákærði andmælti því hins vegar, að hann hefði þrýst, slegið eða tekið um háls Sigríðar, og hafði ekki skýringar á áverkanum.

Við aðalmeðferð máls neitaði ákærði sem fyrr sakargiftum og kannaðist ekki við að hafa átt í átökum við systur sína, Sigríði Eggertsdóttur, 27. apríl sl. Fyrir dómi greindi ákærði frá atvikum máls allt frá komu Sigríðar að Steinsstöðum og þar til afskipti lögreglu komu til. Ákærði kvaðst hafa verið viðbúinn komu Sigríðar með skuldabréfið. Hins vegar kvaðst hann hafa verið ósáttur við fjárhæðina, enda talið sig skulda 400-500 þúsund króna lægri fjárhæð, og af þeim sökum kvaðst hann hafa frestað undirritun, þar til hann hefði kannað málið frekar. Ákærði kvaðst og hafa verið ósáttur við töku Sigríðar á ýmsum smáhlutum úr eigu dánarbús móður þeirra. Enn fremur kvaðst hann hafa verið ósáttur við framkomu hennar á heimilinu, aðallega hnýsni hennar í skrifborðsskúffur.

Fyrir dómi staðfesti ákærði áðurgreindar framburðarskýrslur hjá lögreglu, þ. á m. um viðskipti sín við Sigríði, eftir að hún kom úr bæjarferð 27. apríl sl. Jafnframt staðhæfði ákærði, að hann hefði fylgst með því, er Sigríður var að raða dóti í bíl sinn, þ. á m. svörtum plastpoka með ullaarbandi, en hann kvaðst þá hafa verið við aðaldyr íbúðarhússins. Ákærði kvaðst á hinn bóginn ekki hafa verið búinn að sannreyna töku hennar á frímerkjum. Um viðskipti þeirra við bifreiðina, útidyratröppurnar og í íbúðarhúsinu hafði ákærði svipaða lýsingu og fyrir lögreglu; þ. á m. kvaðst ákærði í upphafi hafa gripið í handlegg Sigríðar. Kvaðst ákærði ætla, að við það tækifæri hefði treyja hennar rifnað. Þá staðhæfði ákærði, að Sigríður hefði aðeins einu sinni hnotið á hnén á leið þeirra að tröppunum. Ákærði kvaðst þá hafa

sleppt taki sínu á handleggnum. Ákærði staðfesti og, að Sigríður hefði hnotið í þrígang í tröppunum, niður á hnén og fram á hendurnar, en í síðasta sinn rekið höfuðið í dyrakarminn og hurðina. Ákærði kvaðst ekki hafa komið við eða haldið í Sigríði á leið hennar upp tröppurnar. Ákærði taldi, að þau Sigríður hefðu verið þarna utandyra í um 10 mínútur.

Fyrir dómi hafði ákærði sömu lýsingar um veru þeirra í risherberginu og fyrir lögreglu og taldi, að þau hefðu verið þar í 5-10 mínútur. Eftir að hafa fylgt Sigríði niður í herbergið inn af eldhúsinu, kvað hann Sigríði í fyrstu hafa sest á rúmið, en því næst klætt sig í brúnrosóttan náttslöpp og fært sig undir sæng.

Fyrir dómi staðhæfði ákærði, að það hefði tekið sig allt að 10 mínútum að sannfærast um andlát Sigríðar. Þannig kvaðst hann í fyrstu hafa strokið yfir vanga hennar og lagt kinn við kinn til að gæta að hitastigi. Þá kvaðst hann hafa gætt að pulsi, og við það tækifæri rennt hendi undir sloppermi Sigríðar og veitt athygli augljósum sprautuförum og marblettum í olnbogabót. Ákærði kvað þetta hafa gerst um kl. 18.00. Nánar spurður um náttslöpp Sigríðar vísaði ákærði til minnisleysis og skýrslu sinnar hjá lögreglu.

Ákærði greindi frá því, að hann hefði að morgni laugardagsins 27. apríl skoðað í stóra ferðatösku í eigu Sigríðar og séð, að taskan var nær full af dóti, er hún hafði tínt til, en auk þess kvað hann þar hafa verið rauða tösku. Spurður um skrautmuni og aðra hluti, er fundust á hlaðinu við íbúðarhúsið og við bifreið Sigríðar, hafði ákærði þá skýringu með hliðsjón af rannsóknargögnum, að Sigríður hefði misst munina úr töskunni eða í fljótheitum hreinsað úr henni, er hann var á leið að bifreiðinni, eftir að hann hafði kallað til hennar frá útihurðinni. Ákærði staðhæfði loks, að hann hefði verið án áfengisáhrifa margnefndan dag svo og annarra vímuefna, og ítrekaði, að hann hefði aðeins drukkið einn bjór um kl. 18.00. Hefði þetta verið eina áfengið, sem hann hefði drukkið frá því á miðvikudagskvöldið þar á undan.

Að tilhlutan embættis ríkissaksóknara var leitað álits Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfjafræði á því, hvort áfengismagn í blóð- og þvagsýnum ákærða samræmdest frásögn hans um áfengisdrykkju um kl. 18.00 27. apríl sl. Svarbréf stofnunarinnar, sem dags. er 7. nóvember sl., er svohljóðandi:

„Áfengismagn í þvagi ákærða var u. þ. b. 1,6 sinnum meira í þvagi en í blóði. Bendir það til þess, að nokkrar klukkustundir hafi verið liðnar, frá því að drykkju var hætt, og fer það saman við framburð ákærða um, að hann hafi síðast neytt áfengis um kl. 18.00 27. apríl.

Magn áfengis í blóði ákærða er meira en svo, að það geti orðið til við drykkju á einum „stórum“ bjór 6 klukkustundum áður en blóðsýnið var tekið. Framburður ákærða varðandi áfengisneyslu umræddan dag getur þó

staðist, ef hann hefur daginn áður, þ. e. 26. apríl, neytt svo mikils magns af áfengi, að það hafi ekki verið horfið úr blóðinu, er umrædd drykkja fór fram.“

Fyrir dómi hafa og gefið skýrslur sjúkraflutningamennirnir Eiríkur Ronald Jósefsson og Sveinbjörn Dúason, svo og Hallur Þorgils Sigurðsson heilsugæslulæknir. Þá hafa lögreglumennirnir Bjarni Jóhann Bogason, Daníel Snorrason, Gunnar Jóhann Jóhannsson, Jóhannes Sigfússon og Karl Jónsson Kristjánsson staðfest áðurnefnd rannsóknargögn.

Við aðalmeðferð málsins fóru dómendur ásamt skipuðum verjanda og fulltrúa ákærvalds á vettvang að Steinsstöðum I í Öxnadal.

Niðurstöður.

Ákærði er einn til frásagnar um það, sem gerðist umræddan dag að Steinsstöðum. Er framburður hans mjög á reiki um veigamikil atriði, mót-sagnakenndur og á köflum fráleitur. Þykir framburður ákærða í heild sinni ótrúverðugur að mati dómsins um samskipti þeirra systkina, frá því að Sigríður heitin kom að Steinsstöðum síðdegis 27. apríl síðastliðinn og þar til hún lést. Verður því ekki treyst skýrslum ákærða nema að mjög takmörkuðu leyti.

Svo sem áður greinir, kom í ljós við vettvangsrannsókn, að mikil óreiða var á munum í farþegasæti bifreiðar Sigríðar heitinnar á hlaðinu á Steinsstöðum, þar sem meðal annars var að finna hrossaskít. Er tekið fram í vettvangsskýrslu, að allt umhverfis bifreiðina hafi verið að finna talsvert af þurrum skít þeirrar tegundar. Við suðurgafl hússins fannst svört hárspenna eða hárspöng. Fyrir miðjum húsgaflinum fannst hluti af eyrnalokk og þar örskammt frá hinn hluti hans. Þar rétt hjá fundust svo hárspenna (hnakkaspenna), lok af asmainnöndunartæki og eyrnalokkur. Í þessu sambandi ber þess að geta, að vitnið Helga Pálsdóttir kveður Sigríði heitna hafa verið með spöng í hári, er hún hélt á brott frá vitninu umræddan dag. Þá hefur vitnið Sesselja María Gunnarsdóttir greint frá því, að Sigríður hafi við komu á heimili vitnisins, skömmu áður en hún lést, borið hárspöng, hnakkaspöng og eyrnalokka í báðum eyrum. Þekkti vitnið umrædda muni af Sigríði, er henni voru sýndir þeir við rannsókn málsins. Er þannig sannað, að Sigríður heitin hefur borið nefnda hárspöng, hnakkaspöng og eyrnalokka í báðum eyrum, er hún hélt að Steinsstöðum síðdegis hinn örlagaríka dag. Þá er sannað með framburði ofangreindra vitna, að Sigríður hafi verið snyrtilega klædd og vel til höfð, svo sem hún hafi átt vanda til.

Samkvæmt gögnum málsins var Sigríður nakin fyrir utan brjóstahaldara, er að henni var komið í rúmi á neðri hæð hússins. Fyrir liggur framburður

ákærða þess efnis, að Sigríður hafi að fyrirskipan hans afklæðst í herbergi ákærða á rishæð, og eftir það hafi hún misst frá sér bæði þvag og saur. Eftir að sængurverri hafði verið lyft af dýnu í rúmi ákærða á rishæðinni, komu í ljós um það bil fyrir miðju hennar brúnir saurblettir, kám og klessur, og ofar, nær höfðagaflí, var að finna blóðbletti. Þá fannst blóðkám á gólflampafæti í herberginu. Í fötum þeim, sem ákærði var í við handtöku, fundust blóðslettur, blóðkám og blóðblettir á buxum. Þá var blóðblettur á framanverðri ermi á peysu ákærða. Er upplýst, að blóð þetta hafi komið frá Sigríði. Í bala í þvottaherbergi í kjallara hússins fannst m. a. hvítt, saurkámugt lak. Þar var einnig koddaver með brúnum, óreglulegum saurklessum og saurkámi. Blátt, kámugt lak fannst einnig í öðrum bala, sem í var vatn.

Á líki Sigríðar voru margs konar áverkar á höfði. Þá voru ýmsir áverkar á handleggjum, olnboga, handarbökum og vinstra hné. Er um áverka þessa vísað til fyrrgreindrar krufningarskýrslu. Á buxum þeim, sem Sigríður var í, áður en hún lést, fundust blóðblettir, en buxurnar voru skítugar og á hægri rassvasa var grænleitur blettur og kám.

Peysa sú, er Sigríður var í greint sinn, fannst eftir mikla leit á þriðja degi rannsóknar í „gamla fjósinu“ í viðbyggingu íbúðarhússins, þar sem hún var samkvæm og greinilega falin milli stafla af einangrunarplötum og pappakassa með ýmsu dótí. Var hún blóðug og óhrein og rök viðkomu að neðanverðu. Á peysunni var að finna grænleita og brúna bletti, er gátu verið leifar hrossaskíts. Sumir blóðblettanna, sem fundust í peysunni, náðu í gegnum efnið. Þá var stór saumspretta, 16 cm, í vinstri handarkrika peysunnar og önnur, 1 cm, neðarlega í hliðarsaumi sömum megin. Að auki var blóðkám og skítur aftan á peysunni.

Þegar lítið er til framangreindra ummerkja á vettvangi og þá sérstaklega þess, að hrossaskítur fannst í framsæti bifreiðar Sigríðar heitinnar og fatnaði hennar, að mikil óreiða var á persónulegum munum Sigríðar í bifreiðinni og að hárspöng, hlutar af samstæðum eyrnalokk, hárspenna (hnakkaspenna), lok af asmáinnöndunartæki og eyrnalokkur fundust á hlaðinu fyrir utan íbúðarhúsið, þykir engum vafa undirorpið, að ákærði hafi í upphafi veist að Sigríði með líkamlegu ofbeldi við bifreið hennar.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa í framhaldi þess, sem gerðist fyrir utan íbúðarhúsið, þvingað Sigríði upp í herbergi sitt á rishæð. Telur dómurinn sannað af ummerkjum í rúmi ákærða, þar sem á miðri dýnunni fundust brúnir saurblettir, kám og klessur og blóðblettir nálægt höfðagaflí, að Sigríður hafi þar misst bæði saur og þvag fyrir tilverknað ákærða og látist í framhaldi þess. Þá er sannað með samhljóða niðurstöðum krufningar-

skýrslu Þorgeirs Þorgeirssonar og álitsgerðar prófessors Gunnlaugs Björns Geirssonar um dánarorsök og einróma dómsframburði þessara tveggja sérfræðinga þar um, að áverkarnir á hálsi Sigríðar hafi leitt til dauða hennar af völdum hjartastopps í kjölfar sterkra taugaviðbragða samfara lamandi áhrifum á starfsemi hjartans. Gat ákærða ekki dulist, að slík atlag, sem niðurstaða krufningarskýrslu bendir til, að hafi verið hörð miðað við þær umfangsmiklu blæðingar, sem urðu samkvæmt henni í höfuðvendi vinstra megin, var stórhættuleg og líkleg til að valda dauða. Einnig er sannað af því, sem fram kemur í krufningarskýrslu, að allir þeir áverkar, sem þar er getið um, hafa verið af völdum ákærða.

Með vætti sérfræðinganna er jafnframt sannað, að Sigríður hafi látist innan örskamrar stundar, frá því að ákærði veitti henni hinn banvæna hálsáverka. Þykir því ljóst, að ákærði hafi flutt Sigríði af rishæð, eftir að hún var látin, og í rúm á neðri hæð, þar sem hún fannst, í þeim tilgangi að villa um fyrir lögreglu.

Samkvæmt framanskráðu er sannað, að atlag ákærða að Sigríði hefur verið samfelld og ofsafengin allt frá upphafi og þar til yfir lauk. Hefur ákærði þannig gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæru og þar er réttilega heimfærð til refsíákvæða, miðað við þá verknaðarlýsingu, sem þar greinir og leggja ber grundvallar við úrlausn málsins, sbr. 1. mgr. 117. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Ákærði, sem er sakhæfur að mati dómsins, hefur ekki sætt neinum þeim refsingum, sem hér geta skipt máli.

Ekki er ljóst af framburði ákærða, hvað honum gekk til, er hann réðst á Sigríði heitna greint sinn, en svo virðist sem æði hafi runnið á hann og að þar hafi átt þátt áfengisáhrif, sem telja verður sannað með niðurstöðum rannsóknar á áfengismagni í blóði og þvagi ákærða, að hann hafi verið undir, er verknaðurinn var framinn. Fær það einnig stoð í trúverðugum framburði vitnisins Þorsteins Guðlaugssonar, sem þekkir ákærða vel, að ákærði hafi verið undir miklum áfengisáhrifum, er hann hringdi hvað eftir annað í vitnið eftir hádegi umræddan dag á tímabilinu frá kl. 13.30 til um kl. 16.00 og hafði í hótunum og viðhafði ýmis óviðurkvæmileg ummæli í garð þess. Þá er sannað af þeim fjölmörgu áverkum, sem fundust á Sigríði heitinni við krufningu, að atlag ákærða að henni hefur verið heiftúðug og vægðarlaus. Hefur ákærði ekki gefið neinar haldbærar skýringar á árásinni, sem að mati dómsins var gjörsamlega tilefnislaus.

Dómurinn telur ljóst af ummerkjum á vettvangi og með stoð í framburði ákærða sjálfs, að ákærði hafi reynt eftir megni að afmá verksummerki, eftir að Sigríður lést, t. d. með því að þurrka upp blóð, þvag og saur af vett-

vangi og Sigríði heitinni, breiða sængurver yfir dýnu í herbergi sínu og sængur yfir það, fela rifna og skítuga peysu Sigríðar og fara með ýmislegt, sem hann notaði til að þurrka með, niður í þvottahús. Gaf ákærði sér góðan tíma til þessa, en ráðið verður af framburði hans, sem er í samræmi við önnur gögn málsins að þessu leyti, að liðið hafi að minnsta kosti tvær klukkustundir frá andláti Sigríðar og þar til ákærði tilkynnti um það.

Ákærði hefur ekki sýnt nein merki iðrunar eftir verknaðinn, heldur hefur hann miklu fremur iðulega reynt að sverta minningu Sigríðar heitinnar með tilhæfalausum og ósæmilegum aðdróttunum um fíkniefnaneyslu.

Ákærði þykir ekki eiga sér neinar málsbætur.

Með vísan til alls þess, sem hér hefur verið rakið, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi átta ár. Rétt þykir, að gæsluvarðhald ákærða frá 29. apríl til 23. maí síðastliðins, samtals 25 dagar, kom til frádráttar refsingunni, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að ákærði teljist hafa með verknaði sínum fyrirgert sér rétti til þess arfs, sem háður er dauða umræddrar systur sinnar, sbr. 1. mgr. 23. gr. erfðalaga nr. 8/1962.

Fyrir liggur, að Sigríður var gift fyrrgreindum Þorsteini Guðlaugssyni og átti kjörson. Samkvæmt því taka eiginmaður hennar og sonur allan arf eftir hana sem skylduerfingjar, sbr. 1. mgr. 2. gr. erfðalaga, enda liggur ekkert fyrir um það í málinu, að ákærði standi til bréferfða eftir Sigríði heitna. Verður ekki séð, að framangreind krafa ákæruvaldsins eigi sér lagastoð, og ber því að vísa henni sjálfkrafa frá dómi.

Samkvæmt 1. mgr. 165. gr. laga nr. 19/1991 ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð og þykja hæfilega ákveðin 200.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Árna Pálssonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja sömuleiðis hæfileg 200.000 krónur.

Það athugast, að dómsuppkvaðning hefur dregist nokkuð sökum mikilla starfsanna dómsformanns.

Dóm þennan kváðu upp Ólafur Ólafsson héraðsdómari sem dómsformaður og héraðsdómarnir Helgi I. Jónsson og Jónas Jóhannsson.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Gestur Eiríkur Eggertsson, sæti fangelsi 8 ár. Til frádráttar refsingunni komi 25 daga gæsluvarðhaldsvist ákærða.

Kröfu ákæruvalds um brottfall erfðaréttar ákærða er vísað frá dómi ex officio.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun, 200.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Árna Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 200.000 krónur.
